

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

Ástandið

Viðhorf og orðræða í sögulegu og fjölþjóðlegu samhengi

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Agnes Jónasdóttir

Kt.: 170492-3239

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Maí 2016

Ágrip

Á hernámsárunum skapaðist mikil umræða um samskipti íslenskra kvenna og erlendra hermanna. Umræðan um hegðun kvenna var oft óvægin og flest sem konur tóku sér fyrir hendur gert að umræðuefni, sérstaklega þegar ungar konur áttu í hlut. Rætt var um „ástandið“. Siðspilling, spilling kynstofnsins sem og staða ungmenna í Reykjavík voru meðal þeirra þátta sem ræddir voru. Fór svo að ríkisvaldið brást við umræðunni með því að setja lög um eftirlit með ungmönnum. Í þessari ritgerð er ástandið sett í samhengi við þá umræðu sem birtist um konur, kynlíf og barnavernd á millistríðsárunum ásamt því hvernig þjóðernisleg umræða litaði þessar hugmyndir. Einnig verður sýnt fram á að „ástandið“ á Íslandi var ekki einstakt, hvorki í tíma né rúmi. Íslenska ástandið er borið saman við það sem átti sér stað í Bretlandi og Ástralíu þegar bandarískir hermenn komu þangað og þá orðræðu sem átti sér stað í þeim löndum. Markmiðið er að sýna fram á þær fjölþættu hugmyndir sem lágu að baki því að sett voru lög um eftirlit með ungmönnum.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. kafli: Kynferðismál	7
1.1 Kynfræðsla á millistríðsárunum.....	7
1.2 Kynferðisofbeldi og verndarhugmyndir kvenréttindakvenna	10
1.3 Önnur „ástönd“	11
Samantekt	13
2. kafli: Var ástandsstúlkan ný af nálinni?	14
2.1 Reykjavíkurstúlkan – forveri ástandsstúlkunnar	14
2.2 Konur sem lausn vandans	16
Samantekt	18
3. kafli: Stétt og staða	19
3.1 Vinna kvenna – leiðin til siðspillingar.....	19
3.2 Vændi og fátækt í blöðum.....	20
Samantekt	23
4. kafli: Lög er varða börn og ungmenni	24
4.1 Þróun barnaverndar á Íslandi	24
4.2 Lög um eftirlit með ungmennum	30
Samantekt	36
Niðurstöður	38

Inngangur

Undanfarin misseri hafa viðbrögð ríkisins við hinu svokallaða „ástandi“ hernámsáranna komist í brennidepil í kjölfar þess að gögn ungmennaeftirlitsins komu í leitirnar árið 2012. Lög um ungmennaeftirlit og ungmennadómstól sem og framkvæmd þeirra hafa undanfarið verið tekin til athugunar fræðimanna og í grein sem birtist í *Sögu* árið 2013 reið Þór Whitehead sagnfræðingur á vaðið við að gera grein fyrir afskiptum hins opinbera af „ástandinu“, með tilliti til hinna nýju gagna. Þar leitaði hann svara við því hvers vegna Hermann Jónasson forsætisráðherra fól Jóhönnu Knudsen að hefja lögreglurannsókn á samskiptum stúlkna og ungra kvenna við hermenn. Auk þess kannaði Þór hvernig Jóhanna aflaði upplýsinga, hver markhópur rannsókna var og hvort þessar rannsóknir stæðust almennt landslög. Þór komst ekki að óyggjandi niðurstöðu um lögmæti rannsókna en fullyrti þó að eftirlit með hluta af þeim konum sem rannsakaðar voru á stríðsárunum hafi ekki getað talist falla innan verkahringis lögreglunnar. Lögunum virðist hafa verið beitt fyrst og fremst gegn ungum konum og þær gerðar að glæpamönnum fyrir að umgangast hernámsliðið.¹

Áður en skjöl ungmennaeftirlitsins komu fram hafði ástandið verið rannsakað af fræðimönnum sem reynt höfðu að skilja tengsl þess annars vegar við þjóðernisstefnu hernámsáranna og hins vegar í gegnum linsu kynjasögunnar. Sem dæmi má nefna verk Ingu Dóru Björnsdóttur, Báru Baldursdóttur og Herdísar Helgadóttur. Enn bættist svo við safnið á nýliðnu ári með heimildamyndinni *Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum* eftir Ölmú Ómarsdóttur.²

Eftir lestur og áhorf á efni byggðu á ofangreindum rannsóknum virðast mér áður nefnd lög um ungmennaeftirlit og -dómstól hafa verið hugsuð sem einhverskonar útvíkkun á barnaverndarlögum. En framkvæmdin virðist hafa verið nokkuð önnur þar sem hún var

¹ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“..

² Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“. Ríkisafskipti af samböndum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“, bls. 301–317. Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð: Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, bls. 64–74. Inga Dóra Björnsdóttir, „Island: Uheldige kvinner i et heldigt land“, Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, Alma Ómarsdóttir „Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum“, heimildamynd.

ekki í höndum barnaverndarnefndar heldur sérstaks ungmennaeftirlits lögrgluembættisins og ungmennadómsstóls. Rannsóknir sem hingað til hafa komið fram – þá sérstaklega grein Þórs og heimildamynd Ölmú – leggja mikla áherslu á persónu Jóhönnu Knudsen og samskipti hennar við háttsetta embættismenn. Þessar nýlegu rannsóknir beinast að því með hvaða hætti lögnum um eftirlit með ungmennum var beitt og með hvaða hætti rannsóknir Jóhönnu Knudsen fóru fram. Enda ekki óeðlilegt að aðgangur að nýjum upplýsingum leiði til þess að áður vanræktur hluti rannsóknasviðsins sé tekinn til sérstakrar skoðunar.

Annar vanræktan hluta rannsóknar ástandsmálanna tel ég vera hinn hugmyndafræðilega bakgrunn ástandsins. Með því á ég við að rannsóknir á þeim viðhorfum sem voru ríkjandi í samfélaginu áratugina á undan ástandinu og tengslum þeirra við umræðuna og lagasetninguna hafa verið fáar. Áhugi minn á að skoða hvaða hugmyndastraumar voru ríkjandi á árunum fyrir hernám og hvernig þeir tengdust svo ástandssumræðunni á hernámsárunum kviknaði fyrst sem áhugi á því að reyna að skilja hverskonar barnaverndarsjónarmið höfðu verið ríkjandi á millistríðsárunum og fram yfir hernám. Í fyrstu hafði ég þá tilfinningu að fólk hafi ekki kippt sér upp við þá staðreynd að stúlkur niður í 12 ára aldur voru taldar upp í rannsókn Jóhönnu Knudsen á siðferðisástandinu í Reykjavík og upplýsingarnar birtar aftur í skýrslu ástandsnefndarinnar nánast umræðulaust. Vegna þessarar tilfinningar vaknaði áhugi á að skoða tengsl barnaverndarhugmynda við ástandið. Í heimildamyndinni *Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum* kom fram einnig mjög lausleg umræða um tengsl barnaverndar og ástandsins sem mér þótti tilefni til að skoða nánar.

En barnaverndarsjónarmiðin ein og sér gátu ekki skýrt viðbrögðin við ástandinu og því ákvað ég að reyna að sýna fram á sem allra fjölbreyttastan hugmyndafræðilegan bakgrunn með því að fjalla um – ásamt barnaverndinni – kynferðismál og ýmiskonar viðhorf til kvenna – til dæmis Reykjavíkurstúlkunnar – og einnig hugmyndir um hvernig konur ættu að geta leyst vandamálið. Viðhorfin sem eru skoðuð stjórnast af þeirri umræðu sem kom upp í blöðum og á þingi í tengslum við ástandið. Upphaflega var markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á framkvæmd laganna um eftirlit með ungmennum og ræða um barnaverndarsjónarmið í því samhengi en vegna þess hversu óaðgengileg skjöl ungmennaeftirlitsins eru færðist fókus rannsóknarinnar alfarið á hugmyndafræðina og hvort og þá hvernig hún hafi haft áhrif á setningu laga um eftirlit með unglingum.

Til þess að skilja lög og tilurð þeirra þurfum við með öðrum orðum að skilja hvað taldist til góðra barnaverndarsjónarmiða á þeim tíma sem lög og sett en einnig tel ég mikilvægt að reyna að skilja viðhorf á stríðsárunum til kynferðismála (e. *sexuality*) og sérstaklega til kynferðisofbeldis. Dæmi um það sem kanna þarf eru viðhorf til þess hvenær fólk (sérstaklega stúlkur) er fært um að veita samþykki fyrir kynferðisathöfnum. Ásamt fyrir

greindum hugmyndum tel ég áhugavert að skoða kynjaðar (e. *gendered*) hliðar ástandsins sérstaklega og hyggst ég gera það með því að skoða nokkrar hliðar kvenleikans á millistríðsárunum og hernámsárunum. Auk kvenna og kynferðismála tel ég einnig nauðsynlegt að líta stuttlega á þau viðhorf sem voru á sveimi um fátækt. Þess utan hef ég lagt mig eftir því að kanna alþjóðlegt samhengi ástandsins. Lagasetningin sjálf verður einnig athuguð og reynt að varpa ljósi á það hvers vegna stjórnvöld kjósa að setja lög sem gerðu framkvæmdarvaldinu jafn auðvelt og raun bar vitni að refsa ungum konum fyrir að hafa annað siðferðismat en hinir fullorðnu valdhafar. Ein af áleitnustu spurningum rannsóknarinnar er sú hvort og þá hvers vegna stjórnvöld hafi kosið að fara þá leið að setja refsilöggjöf utan um siðferði unglunga.

Í stuttu máli má því segja að rannsókn þessi fjalli um þann hugmyndafræðilega bakgrunn sem valdhafar sóttu í til þess að setja lög um eftirlit með ungmönnum. Heimildir eru sóttar í blaðagreinar sem ritaðar voru um ástandið, í *Alþingistíðindi*, þegar kanna þarf viðhorf þingsins til ýmissa mála, ásamt umfjöllun annarra fræðimanna um ástandið og millistríðsárin. Einnig var leitað í skjalasafn Kvennasögusafnsins til þess að varpa ljósi á aðkomu kvenréttindakvenna að ástandinu og barnaverndarhugmyndum.

Ýmsir þættir flækja umræðu um ástandið. Sem dæmi má nefna hið gífurlega aldursbil kvennanna sem komu fyrir í rannsókn lögreglunnar á siðferðisástandinu í höfuðborginni í tengslum við hernámið og síðar í umræðu í hinni svokölluðu ástandsnefnd, en þar voru ræddar konur á aldursbilinu 12–60 ára. Einnig er erfitt að lesa úr loðnu orðalagi um háttsemi þessara kvenna og er þar oft spurning um hvort umfjöllunin fjalli um vændiskonur í þeim skilningi sem við leggjum í orðið í dag, það er konur sem selja kynlíf fyrir borgun, eða hvort frekar sé um að ræða konur sem tóku sér vald í sínum eigin kynferðismálum og áttu jafnvel í kynferðissamböndum utan hjónabands en innan einhverskonar tilfinningasambanda.

Þeir þættir sem hér verða skoðaðir eru hugmyndir manna um fátækt, kynferðismál og kvenleika og þá verður hugtakið stétt einnig rætt stuttlega þar sem launavinnu kvenna – og þá sérstaklega nýjum atvinnutækifærum – var gjarnan blandað inn í umræðu um ástandið ásamt áður nefndu erlendu samhengi.

1. kafli: Kynferðismál

1.1 Kynfræðsla á millistríðsárunum

Hugmyndir hvers tíma um kynferðismál eru ekki sjálfsprottar. Hugmyndirnar þróast í sambandi við það sem undan er gengið í hverju landi og hverjum menningarheimi fyrir sig. Hugmyndirnar flytjast einnig á milli landa og hafa áhrif á samfélög sem við fyrstu sýn virðast nokkuð ólík. Ísland virðist – miðað við það sem hér fer á eftir – ekki hafa verið í hugmyndafræðilegu tómarúmi þegar kemur að viðhorfum til kynferðismála, a.m.k. frá því á millistríðsárunum, þó nánari rannsóknir á þessu sviði vanti sárlega. Það er því hægt að gera sér í hugarlund að þau viðhorf til kynferðismála sem lituðu umræðuna um ástandið séu skilgetin afkvæmi þeirra hugmyndastrauma sem voru ráðandi áratugina fyrir hernám bæði hérlendis og erlendis.

Millistríðsárin voru frjór tími þegar kom að umræðu um kynferðismál. Á árabílinu 1920–1940 voru sett ýmis lög sem við koma kynhegðun fólks, lög sem fjölluðu meðal annars um varnir gegn kynsjúkdómum og einnig um getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Á sama árabíli komu líka út ýmis leiðbeiningarit um hvernig skyldi haga kynlífinu til þess að koma í veg fyrir getnað, en í þessum sömu ritum var einnig gerð grein fyrir því hvernig hjón gætu bæði notið kynlífsins. Eldri viðhorf um það hvernig kynin skyldu haga sér í hjónarúminu voru gagnrýnd, þá sérstaklega hugmyndir sem vörðuðu konur sem passífar og í eðli sínu litlar eða engar kynverur.³

Árið 1931 hélt Katrín Thoroddsen læknir fyrirlestur um getnaðarvarnir sem vakti mikla athygli og hneykslan. Í inngangi að prentaðri útgáfu fyrirlestrarins kemur fram að misskilnings gætti um innihald hans og menn töldu jafnvel að hún væri að veita leiðbeiningar um hvernig hægt væri að framkalla fósturlát sem var ekki rétt eins og kemur fljótt í ljós þegar fyrirlesturinn er lesinn. Helsta áhersla Katrínar er á að benda fólki á þá möguleika sem voru fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir getnað. Í fyrirlestrinum er einnig farið í stuttu máli í líffræðilega kynfræðslu. Rök Katrínar með getnaðarvörnum ríma við þær hugmyndir sem voru ríkjandi erlendis um svipuð mál⁴ og má segja að hún dragi það besta – á síns tíma mælikvarða – út úr femínískum, sósíalískum og mannkynbóta hugmyndum um gagnsemi getnaðarvarna. Hún talar með því að verkamannastéttin geti bætt stöðu sína með notkun getnaðarvarna, og mælti þess vegna frekar með hettunni heldur en

³ Stopes, *Hjónaástir*, bls. 42–43.

⁴ Dose, „The World League of Sexual Reform. Some Possible Approaches“, *Weeks. Sex, Politics & Society*; Stopes. *Hjónaástir*.

smokknum því hún var auðveldari í notkun og ódýrari fjárfesting. Mannkynbæturnar lauma sér inn þar sem hún telur vönun sem ekki skerði kynhvöt góða lausn fyrir þá sem ekki kunna fótum sínum forráð í kynlífi.⁵

Í leiðbeiningaritum um kynlíf var, eins og áður sagði, gjarnan bent á að hjónin ættu bæði að njóta kynlífsins og gekk Katrín svo langt að gagnrýna það sem hún kallaði „lög- bundna nauðgun hjónabandsins“ og átti þar við réttleysi giftra kvenna þegar kom að kynlífi. Jákvæðri og kvenvænni umræðu um kynlíf var oftast beint að giftum konum og var það í takt við erlenda umræðu sem birtist til dæmis í kynfræðsluverkum Marie Stropes sem voru fáanleg hér á landi í þýðingu Bjargar C. Þorláksson.⁶ Enda bar á því viðhorfi að of mikið upplýsingaflæði til ógiftra kvenna myndi leiða til siðspillingar og þess að karlmenn færu að nýta sér aðstöðu sína til þess að skorast undan því að kvænast, líkt og kom fram í þingræðu Guðrúnar Lárusdóttur í umræðum um lög um getnaðarvarnir, vananir, og fóstur- eyðingar.⁷

Kynlíf utan hjónabands, lauslæti og spilling kynstofnsins var mönnum einnig mikið áhygguefni á millistríðsárunum. Sett voru lög til þess að reyna að sporna við útbreiðslu kynsjúkdóma árið 1932 og vorið 1940 var lögð fram á þingi tillaga að viðbótum við þau lög í þeim tilgangi að hefta aðgang kvenna að höfninni um nætur.⁸ Hægt er að gera sér í hugarlund að tillagan sé ein birtingarmynd þess óróa er skapast hafði í kringum áhyggjur af sið- og kynspillingu þjóðarinnar.⁹ Viðbótin dó þó í nefnd og var aldrei afgreidd af þinginu.¹⁰ Jónas Jónsson frá Hriflu flutti frumvarpið á þingi og í ágúst sama ár tók hann upp þráðinn í grein sem kom út sem hluti af greinaröð sem birtist í *Tímanum*. Greinaröðin virðist hafa haft þann tilgang helstan að rakka niður störf Vilmundar Jónssonar sem land- læknis. Í þessari grein heldur Jónas því fram að kynsjúkdómasmit séu líklegust í Reykjavík og þá sérstaklega í tengslum við komur erlendra skipa. Hann heldur því einnig fram að í Reykjavík hafi myndast stétt vændiskvenna sem seldu sig við höfnina. Þegar tillögur í borgarstjórn til þess að láta loka aðgangi almennings að höfninni dugðu ekki til lét Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri menn í það að rannsaka hversu margar stúlkur „rækju

⁵ Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 13–14.

⁶ Stropes, *Hjónaástir*, bls. 42–43. Katrín Thoroddsen. *Frjálsar ástir*, bls. 11.

⁷ *Alþingistíðindi* 1934 B1, d. 1127–1177.

⁸ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls 276–280 (l.nr. 91/1932). *Alþingistíðindi* 1940 A, bls 354.

⁹ Unnur B. Karlsdóttir. *Mannkynbætur*.

¹⁰ *Alþingistíðindi* 1940 C, d. 225.

verslun með sjálfar sig við höfnina“.¹¹ Niðurstaða rannsóknar lögreglustjórans var sú að um 40 konur stunduðu höfnina og smituðu þær oft aðkomumenn í bænum af kynsjúkdómum.¹²

Hrafn Jökulsson og Bjarni Guðmarsson segja frá því í bók sinni *Ástandið – mannlíf á hernámsárunum* að áhugi íslenskra kvenna á erlendum mönnum hafi orðið að umræðuefni á árunum fyrir stríð, meðal annars þegar enskt fótboltalið kom til Íslands í keppnisferð og að körlum hafi blöskrað „útlendinga dekur“ kvennanna.¹³ Samkvæmt Hrafn og Bjarna var fjallað um konur sem lögðust svo lágt að tala við erlenda menn sem hingað komu á mjög neikvæðan hátt og þær stimplaðar „fávísar gálur“ eða „skækjur“ og litið á þær sem leiðinlegan en mögulega eðlilegan hluta af því að Ísland væri hluti af nútímalegum heimi og almennt ekki talið að ósiðsamar konur væru hlutfallslega fleiri hér en annars staðar í heiminum.¹⁴ Samskipti íslenskra kvenna og útlendra manna virðast því hafa verið orðið áhyggjuefni fyrir hernám og rennir það stoðum undir þá skoðun að ástandið hafi átt sér einhvern forleik á millistríðsárunum.

Í bók Herdísar Helgadóttur *Úr fjötrum* segja konur frá upplifun sinni af hernámsárunum og samskiptunum við herinn. Ein þeirra segir frá því að fræðsla um kynlíf hafi verið lítil sem engin en yfirborðspögnin sem yfir þeim málum lá hafi verið rofin í einni svipan þegar umræðan um ástandsstúlkurnar varð sem heiftúðugust og „allt í samfélaginu fór að snúast um „mellur“ og „hóru““. Hún minnst þess einnig að þessir stimplar sem áður höfðu heyrst einungis í tengslum við mikla skömm og niðurlægingu ættu nú nánast við aðra hvora konu hér á landi.¹⁵ Því virðist sem að í minningum kvenna sem voru ungar þegar ástandið hófst tengi þær mjög sterkt við opnari og óvægnari umræðu um kynferðismál. Og þannig hafi það verið þrátt fyrir að töluvert hafi verið um fræðsluefni um kynlíf á millistríðsárunum og einhver umræða hafi farið fram í blöðum um kynferðismál og opinbera framkomu kvenna.

¹¹ Jónas Jónsson, „A public gentleman“, bls. 315.

¹² Jónas Jónsson, „A public gentleman“, bls. 315.

¹³ Höfundur gerði tilraun til þess að finna blaðgreinina sem þessi umfjöllun þeirra Hrafns og Bjarna byggist á en hafði ekki erindi sem erfiði. Gallinn við þessa heimild er að hún er illa studd heimildum þó hún gefi mjög lifandi og spennandi svipmynd af Reykjavík á hernámsárunum og tímanum þar í kring.

¹⁴ Hrafn Jökulsson og Bjarni Guðmarsson, *Ástandið*, bls. 43–44.

¹⁵ Herdís Helgadóttir. *Úr fjötrum*, bls. 186.

1.2 Kynferðisofbeldi og verndarhugmyndir kvenréttindakvenna

Á millistríðsárunum komu upp nokkur barnaníðsmál sem leiddu til þess að árið 1930 var haldinn opinn kvennafundur um siðferðismál og uppeldi unglunga. Hér er rétt að víkja að því að í opinberri umræðu voru orðin siðferðismál og kynferðismál gjarnan notuð um sama málaflokk. Uppspretta fundarins var sú að upp komst um misnotkun fullorðins manns á þremur stúlkum á aldrinum 10–12 ára þegar þær greindust með lekanda. Stúlkurnar virtust svo hafa lent í höndunum á fleiri níðingum ásamt því að hafa sofið hjá eldri unglingum fyrir borgun ef marka má skýrslu sem lögreglan lét *Morgunblaðinu* í té og birtist hinn 30. mars 1930.¹⁶

Á opna kvennafundinum flutti Katrín Thoroddsen erindi um nauðsyn þess að unglingar væru fræddir um kynferðismál með tilliti til heilsufræði og lífeðlisfræði. Guðrún Lárusdóttir tók til máls og benti á að trú og siðgæði væru nauðsynlegur grunnur fyrir slíka fræðslu og efaðist hún um gildi þess að láta kennara, sem ókunnugir væru, sjá um að fræða börn um svo viðkvæm mál. Lagði hún til að ábyrgðin væri fremur sett á foreldrana og þá sérstaklega móðurina. Móðirin gæti eftir allt saman veitt þessa fræðslu og glætt trúarlíf barnsins sem væri undirstaða siðgæðisins. Aðalbjörg Sigurðardóttir benti fundinum á að þeir hræðilegu atburðir sem væru ástæða fundarhaldanna væru á ábyrgð hinna full-orðnu og vanrækslu þeirra.¹⁷ Fundurinn ákvað líka tillögur sem sendar voru bæði til ríkisstjórnar og bæjarstjórnar þar sem farið var fram á ýmis atriði til verndar börnum og unglingum. Sem dæmi má nefna að farið var fram á fræðslu um kynferðismál fyrir unglinga, skipun kvenlögreglu og hjúkrunarkonu sem hefðu eftirlit með börnum og unglingum sem hefðu smitast af kynsjúkdómum sem og setningu laga um barnavernd.¹⁸

Fundur þessi var því hvati að lagabreytingum er vörðuðu börn og unglinga. Barnaverndarlög voru sett árið 1932 og verða rædd sérstaklega í næsta kafla. Árið 1940 voru sett ný almenn hegningarlög á Íslandi og innan þeirra eru ákvæði sem fjalla um bann við kynlífi með börnum og unglingum. Sú grein hljómar svo: „Hver, sem á samræði við barn yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að tólf árum. Hver, sem tælir stúlkubarn, sem

¹⁶ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 42. „Stórkostlegt alvöru mál“, bls. 8.

¹⁷ *Kvennasögusafn Íslands*, KSS12, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, einkaskjalasafn, Fundargerð kvennafundar. Askja 468.

¹⁸ *Kvennasögusafn Íslands*, KSS12, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, einkaskjalasafn, Skýrsla um starfsemi nefndarinnar. Askja 468.

er á aldurskeiðinu 14–16 ára, til samræðis skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.¹⁹ Áhugavert er að kyn skiptir ekki máli ef rætt er um börn sem eru yngri en 14 ára en í aldurshópnum 14–16 á þessi lagagrein einungis við um stúlkur. En þó falla drengir á aldursbilinu 14–16 ára líklega undir lagagreinina sem tekur á samræði fólks af sama kyni.²⁰ Má því gera sér í hugarlund að löggjafinn hafi ekki gert ráð fyrir því að konur stunduðu það að tæla unga drengi til samræðis.

Þetta lagaákvæði var því orðið að landslögum þegar „Lög um eftirlit með ungmennum o.fl.“ voru sett sem bráðabirgðalög í lok ársins 1941 og staðfest árið 1942. Þau falla þá einnig undir þau ákvæði barnaverndarlaganna þar sem vísað er til almennra hegningarlaga. Þetta vekur upp spurningar um réttmæti laganna um eftirlit með ungmennum þar sem eftirlits- og refsíákvæðin eiga við um stúlkur allt niður í tólf ára aldur, aldursflokk sem svo sannarlega á að vernda með þessum ákvæðum um að samræði með börnum undir 14 ára aldri sé bannað. Í úttekt Þórs Whiteheads sagnfræðings á störfum Jóhönnu Knudsen og ungmennaeftirlitsins kemur fram að 110 telpur á aldrinum 12–16 ára hafi haft „mjög náin afskipti af setuliðinu“ og aðrar 31 á aldrinum 12–17 ára væru „á mjög lágu siðferðisstigi“²¹. Þó svo að talning Jóhönnu og túlkun embættismanna á tölum hennar hafi verið gagnrýndar af sagnfræðingum undanfarin misseri má samt sem áður draga þá ályktun að eitthvað hafi verið um kynlíf (eða misnotkun) milli hermanna og barnunga íslenskra stúlkna. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar verða ef til vill enn undarlegri þegar þau eru sett í þetta samhengi.

1.3 Önnur „ástönd“

Áhyggjur af samskiptum ungra stúlkna og hermanna voru hvorki séríslenskar né nýjar af nálinni í seinni heimsstyrjöldinni. Breski kynjasögufraeðingurinn Philippa Levine hefur sýnt fram á að í fyrri heimsstyrjöldinni kvörtuðu yfirmenn breska hersins yfir ágengni ungra kvenna, sumra hverra undir þeim aldri sem gert var ráð fyrir að stúlkur hefðu náð til að geta veitt samþykki sitt fyrir kynlífi (e. *age of consent*). Áhyggjur manna snerust að miklu leyti um það sem þeir kölluðu „lausastúlkur“ (e. *free lance girl*). Það voru ungar stúlkur sem sóttust sérstaklega eftir samskiptum við hermenn og virðist mæðrum þeirra hafa verið kennt um lélegt taumhald að einhverju leyti. Heryfirvöld töldu þessar stúlkur hafa meiri neikvæð áhrif heldur en „raunverulegar“ vændiskonur. Lausnin var talin af sumum

¹⁹ *Lagasafn frá 1945*, 200. gr. almennra hegningarlaga, dálkur 2348.

²⁰ *Lagasafn frá 1945*, 203. gr. almennra hegningarlaga, dálkur 2348.

²¹ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 110.

yfirmönnum í hernum sú að senda nöfn stúlkanna til sóknarprestsins en einnig voru þessar stúlkur taldar á ábyrgð kvenlögreglunnar og þeim jafnvel teft fram sem dæmi um nauðsyn þess að slík embætti væru stofnuð.²² Ástandið á árum seinni heimsstyrjaldarinnar hafði áhrif á kynferðismálin í fleiri löndum en á Íslandi

Í seinni heimsstyrjöldinni hófust umræður um fjölgun kvenlögregluþjóna í Bretlandi strax árið 1939 er ljóst var orðið að það stefndi í stríð. Umræðan fór af stað vegna þess að konur í velferðarnefndum og félagsráðgjafar töldu að sama ástand myndi skapast og í fyrri heimsstyrjöldinni. Viðbrögðin og umræðan fór þó ekki almennilega á skrið fyrr en árið 1942 í kjölfar þess að bandarískum hermönnum staðsettum í Bretlandi fjölgaði til muna. Breski sagnfræðingurinn Sonya O. Rose hefur sýnt fram á að umræðan hafi verið nátengd þjóðernislegri umræðu í Bretlandi og hefur haldið því fram að koma Bandaríkjamanna hafi ekki breytt kynhegðun breskra stúlkna til muna heldur hafi breytingin fyrst og fremst falist í þeirri staðreynd að mennirnir sem þær girntust voru ekki breskir að uppruna.²³ Breska umræðan var mjög lituð af kynþáttaorðræðu þar sem litið var á hvíta Bandaríkjamenn sem freistingu sem ungar konur þyrftu að forðast. Þá var orðræðan um svarta Bandaríkjamenn með þeim hætti að halda þyrfti þeim frá hvítum konum, meðal annars vegna þess að litið var svo á að þeir hefðu minni sjálfstjórn heldur en hvítir karlmenn en þó var litið á stúlkurnar sem gerendur í öllum tilfellum.²⁴

Ástralski sagnfræðingurinn Marilyn Lake hefur fjallað um að í Ástralíu voru dæmi um að ungar konur féllu fyrir bandarískum hermönnum og skapaðist töluverð umræða um þau samskipti líkt og samskipti íslenskra kvenna og hermanna sem staðsettir voru hér á landi og veru Bandaríkjamanna í Bretlandi. Þar í landi bjuggu um átta milljónir manna og höfðu um milljón bandarískra hermanna viðkomu þar. Í Ástralíu voru sett lög sem gáfu lögreglunni vald til þess að handtaka þá sem grunur lék á að hefðu kynsjúkdóm og væri áhugavert að bera saman þá lagasetningu og íslensku lögin um eftirlit með unglingum. Í Ástralíu líkt og á Íslandi og líkt og í Bretlandi á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar voru það ungar konur – vart af barnsaldri í nútíma skilningi – sem litið var á sem þann einstakling sem bæri ábyrgð á kynferðislegum samskiptum þeirra og hermanna.²⁵ Áströlsku ástandsstúlkurnar voru nefndar „amatörar“ til þess að flokka þær frá vændiskonum í almennum skilningi. Þær voru kynferðislega virkar ungar konur sem ekki sóttust eftir fjár-

²² Levine, „Walking the street like no decent woman should“, bls. 44.

²³ Rose, *Which People's War?*, bls. 73–75.

²⁴ Rose, *Which People's War?*, bls 76.

²⁵ Lake, „The Desire for a Yank“, bls. 621–622 og 623.

hagslegum gróða í samskiptum sínum við karlmenn. Ásókn þessara kvenna í hermennina var lýst þannig að þeir þyrftu að berja þær af sér. Þetta er orðræða sem rímar að einhverju leyti við umræðuna á Íslandi.²⁶ Þar var gjarnan talað um að hermönnunum blöskraði ágangur stúlkanna í Reykjavík og á Íslandi var einnig rætt um stúlkur sem sæju það ekki að þær væru vændiskonur vegna þess að þær þáðu ekki fé fyrir samskipti sín við hermennina. Á Íslandi virðist ekki hafa orðið til orð sem þýddi nákvæmlega það sama og „amatör“ Ástralanna, heldur var því haldið fram að allar kynferðislega virkar stúlkur væru vændiskonur (væru þær ekki giftar) burt séð frá fjárhagslegum ávinningi.²⁷

Samantekt

Hernámsárin og ástandið þá koma í kjölfarið á árum þar sem hið opinbera hafði haft töluverðan áhuga á kynlífi og kynhegðun þegnanna. Lög voru sett um þennan málaflokk, umræður og jafnvel deilur urðu um hvernig ætti að ræða um kynlíf og hverjir ættu rétt á þeim upplýsingum þónokkrum árum fyrir hernám. Réttur barna til verndar gegn kynferðislegri misnotkun var kominn inn í lög, þó svo almenn umræða væri enn svo lítil að ekki er víst að lögin hafi nýst sem skyldi. Hugmyndin um það að takmarka ætti nán samskipti íslenskra kvenna og erlendra manna var einnig sprottin upp áður en herinn kom til landsins. Ástandið – eins öfgakennt og það virðist við fyrstu sýn – var því greinilega ekki sjálfsprottið og byggir á hugmyndum sem uppi voru áratugina á undan um viðeigandi kynlíf, þó viðbrögðin virðist einnig ganga á móti þeirri þróun sem orðið hafði sérstaklega þegar litið var til hugmynda um við hvaða aldur væri eðlilegt að miða þegar kæmi að kynlífi.

²⁶ Lake, „The Desire for a Yank“, bls. 623.

²⁷ „Framhald af skýrslu velferðarnefndar portkvenna“, bls. 2.

2. kafli: Var ástandsstúlkan ný af nálinni?

2.1 Reykjavíkurstúlkan – forveri ástandsstúlkunnar

Þessi skrif um unglingsstúlkur eru nánast ótrúleg. Fram að þessu höfðu þær ekki verið taldar skipta neinu máli í samfélaginu. Þær þurftu hvorki menntun né laun, áttu margar að lifa nánast á loftinu og sjá um sig sjálfar að öllu leyti. Nú voru þær allt í einu orðnar aðalsökudólgarnir sem átti að handtaka og einangra og ekki minnst einu orði á að samfélaginu bæri skylda til að vernda og hlúa að unglingum. Nú skyldi líka útskúfa öllum konum með hermönnum sem „holdsveikum“. Þetta sýnir að sumir vissu ekki sitt rjúkandi ráð og höfðu þungar áhyggjur af óþekkt kvenna.²⁸

Þannig lýkur Herdís Helgadóttir umfjöllun sinni um blaðaskrif karla um stúlkur í ástandinu. Þótt ummæli hennar séu að stofninum til sannfærandi verð ég að vera henni ósammála þegar hún segir að ungar konur hafi ekki talist skipta neinu máli í samfélaginu þar til að hafist var handa við að níða þær sem umgengust hermenn á opinberum vettvangi. Áhyggjur manna af framferði, tísku og áhugamálum ungra kvenna voru ekki nýjar af nálinni þegar breskur her steig hér á land í maí 1940. Ungar konur höfðu með nútímalegu framferði sínu valdið fjaðrafoki í a.m.k. áratug. Þó má geta þess að bók Herdísar kom út árið 2002 og hafði þá lítið verið fjallað um þetta efni, bók Sigríðar Matthíasdóttur, *Hinn sanni Íslendingur* var ekki komin út og umfjöllun Eggerts Þórs Bernharðssonar um Reykjavíkurstúlkuna kom út í *Sögnum* sem gefnar eru út af nemum við sagnfræði og því ekki hægt að ætlast til að séu á radar fræðimanna í öðrum fögum.

Á millistríðsárunum voru talsverð átök í samfélaginu um konur og kvenleika líkt og Sigríður Matthíasdóttir hefur sýnt fram á í rannsóknum sínum. Átökin voru samkvæmt Sigríði nátengd hugmyndum um þróun og stefnu íslensks samfélags og þá sérstaklega hvaða hlutverk konum var ætlað innan þjóðríkisins. Rætt var um hvort konur ættu að halda áfram að beina öllum sínum kröftum inn á einkasviðið, að uppeldi barna og heimilishaldi, eða hvort þær gætu farið út á hið opinbera svið en þó haldið kvenleika sínum.²⁹

Opinber umræða skapaðist til dæmis um fyrirbærið „Reykjavíkurstúlkuna“, en hún má segja að hafi verið „nútíminn“ holdi klæddur, kvenvera sem líkamnaði það sem

²⁸ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 247.

²⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 246.

tíðkaðist erlendis og var meðal stúlkna sem ólust upp við réttindi líkt og aðgang að menntun og jafnvel kosningarétt því einnig nefnd „nýja konan“.

Eggert Þór Bernharðsson lýsti Reykjavíkurstúlkunni, áhugamálum hennar og hegðun í grein sinni „Ó, vesalings tískunnar þrælar“: Um „Reykjavíkurstúlkuna“ og hlutverk hennar“. Hún gekk í stuttum þilsum, eða jafnvel buxum og var með stutt hár. Hún hélt í við karlmenn í reykingum, drakk áfengi, menntaði sig og vann, helst skrifstofustarf. Frekari lýsingar á Reykjavíkurstúlkunni fjölluðu einnig um það vald sem hún virtist taka sér í ástamálum. Hún fór á stefnumót og vildi skemmtilegan unnusta, einhvern sem var ekki of montinn og ekki leiðinlegur. Hún vildi samkvæmt lýsingum gifta sig, en bara manni sem var góður við hana, burt séð frá stöðu hans. Reykjavíkurstúlkan eyddi gjarnan launum sínum í kaffihúsasetu og kvikmyndasýningar og hafði lítinn áhuga á heimilisstörfunum en gat þó tekið upp á því að aðstoða móður sína ef hún var beðin um það. Þær stúlkur sem höguðu sér á þennan máta voru gagnrýndar fyrir það að vera óþjóðlegar og að standa ekki vörð um íslenska þjóð og menningu – þá sérstaklega vegna áhuga síns á erlendum tungumálum, klæðnaði og dægurmenningu.³⁰

Umræðan um ástandsstúlkuna virðist mér vera beint framhald af umræðunni um Reykjavíkurstúlkuna. Ástandsstúlkan fær vissulega harðari dóm, enda er umræðan um hana nátengdari áhyggjum af blóðblöndun Íslendinga við aðrar þjóðir. Kynlíf virðist mönnum mun ofar í huga þegar rætt er um ástandið heldur en í umræðu um „nýju konuna“. Reykjavíkurstúlkunni virðist hafa verið viðbjargandi því eftir allt stefndi hún í það minnsta á það að festa ráð sitt á endanum, en þegar herinn kom skapaðist allt í einu raunveruleg hættu á því að Reykjavíkurstúlkan fengi sér útlenskan kærasta og þá var voðinn vís. Ýmislegt sem stúlkur gerðu á hernámsárunum – líkt og kaffihúsa- og dansleikjasókn, kvikmyndahúsaferðir og stefnumót – ríma við áhugamál Reykjavíkurstúlkunnar sem núna gat komist í enn nánari snertingu við erlenda menningu með því að vingast við hermenn. Ástandsstúlkan er því ekki samhengislaus, hún á sér forvera í umræðu og menningu millistríðsáranna.

Umræðan um Reykjavíkurstúlkuna var að mestu leyti umfjöllun karla um hina ungu konu. Hvort sem menn töluðu vel eða illa um hana voru það að mestu leyti karlar sem tjáðu sig opinberlega um þessa kvenveru. Því þó sumum þætti nóg um nýtískulegt fasið og höfðu áhyggjur af þjóðerninu þá voru til menn líkt og Guðmundur Kamban sem reyndu að setja sig í spor Reykjavíkurstúlkunnar eða í það minnsta að sjá jákvæðar hliðar á henni. Túlkun Kambans á Reykjavíkurstúlkunni er á þá leið að hún sé í raun eins og flestar

³⁰ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar“, bls. 18.

stúlkur í stórborgum heimsins og það væri til þýði fyrir Reykjavík að eiga stúlkur sem stæðust samanburð við kvenfólk annarra stórborga.³¹ Nýja konan var þó ekki endilega velkomin í þeim stórborgum sem Guðmundur vildi leggja Reykjavík að jöfnu við. Lýsingar Carol Dyhouse á viðhorfum til nýju stúlkunnar eða „flappersins“ í Bretlandi sýndu að menn voru uggandi vegna tilkomu hennar. „Flapperinn“ (e. *flapper*) taldist til vandræðastúlkna á millistríðsárunum í Bretlandi. Þar líkt og á Íslandi var nýja stúlkan gagnrýnd fyrir flest sem hægt var að gagnrýna; stutt hárið, farðinn og skortur á kvenleika sem birtist í aðsniðnum buxnadröktum og sígarettureykingum ollu mönnum áhyggjum þar í landi. Litið var á þessar stúlkur sem holdgerving lélegs siðgæðis og voru þær oft útmálaðar sem kynverur sem sóttu í allt það sem ekki mátti: þær sóttu of mikið í unga menn, nú eða enn verra: sóttu í aðrar ungar konur eða menn af öðru litarhafti og þjóðerni.³²

2.2 Konur sem lausn vandans

Í ástandsumræðunni voru konur í eldlnunni, þær voru ekki einungis til umfjöllunar vegna meints lélegs siðferðis eða samskipta við hermennina heldur voru þær einnig settar fram sem lausn á vandanum. Þar er vísað til þess að „alvöru“ konur hefðu sérstöku siðferðis-hlutverki að gegna í samfélaginu. Þeirri hugmynd hafði verið haldið á lofti af kvenna-hreyfingu millistríðsáranna og litu sumar heldri konur Reykjavíkur á það sem hlutverk sitt að hafa eftirlit með siðferðisástandinu í bænum, sérstaklega hjá konum. Haldinn var opinber fundur á vegum kvennasamtaka árið 1921 þar sem fjallað var um hvernig væri best að viðhalda góðu siðferði í höfuðborginni. Fundurinn skoraði á ríkisstjórnina að setja á eftirlit með skemmtanahaldi karla og kvenna í nágrenni Reykjavíkur ásamt því að upp kom hugmynd um stofnun siðferðislögregluembættis. Slíkar hugmyndir komu svo aftur upp 1933 þegar skorað var á lögregluna í Reykjavík að stofna embætti kvenlögreglu sem hefði til meðferðar siðferðismál sem og mál barna og unglunga.³³ Viðhorf KRFÍ til ástandsins sjálfs er erfitt að meta. Í fundargerðabókum félagsins kemur ekkert fram um málið og aðrar heimildir líkt og bók Sigríðar Th. Erlendsdóttur *Veröld sem ég vil ræðir* nær eingöngu mismunandi viðhorf innan félagsins þegar kom að því að kvenlögregluembættið var lagt niður í kjölfar þess að lög um eftirlit með ungmennum voru felld úr gild, en sú saga er utan tímaramma þessarar ritgerðar. Skiptar skoðanir um það mál koma ekki á óvart þegar það eina

³¹ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar“, bls. 18–19.

³² Carol Dyhouse, *Girl trouble*, bls. 74–77.

³³ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 251–252.

sem sést í fundargerðabókum félagsins er að ein félagskona, María Knudsen, benti í upphafi árs 1942 á að hún teldi „kvenlögreglu málið“ ganga of hægt og lagði til að félagið fylgdist með því.³⁴

Hugmyndir um embætti kvenlögreglu sem sæi sérstaklega um mál kvenna og barna voru ekki nýjar þegar þær náðu landi hjá íslenskum kvenréttindakonum. Í Bretlandi komust slíkar hugmyndir til framkvæmda í fyrri heimsstyrjöldinni, eins og áður segir, en hugmyndin hafði verið á lofti frá því um miðja 19. öld. Hugmyndir um nauðsyn þess að skipa kvenlögregluþjóna komu upp í tengslum við réttindabaráttu kvenna. Kvenréttindakonur nýttu sér þær eðlishyggjuhugmyndir sem uppi voru um konur til þess að réttlæta tilkall þeirra til opinberra starfa. Þegar kom að löggæslu var það sérstök siðferðisvitund kvenna sem gerði þær að nauðsynlegum vörðum laganna, til dæmis væru konur hæfari til þess að sinna málum sem tengdust vændi og þess háttar afbrotum. Viðhorf kvenréttindakvenna eingöngu dugði þó ekki til þess að kvenlögregluembætti var komið á í Bretlandi á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar. Til þess að úr framkvæmdum yrði spiluðu einnig inn í almennar hugmyndir um og áhyggjur af versnandi siðferðisástandi og þörfin fyrir betri stjórn á kynverund (e. *sexuality*) kvenna sem studd var með útgáfu á bókum og bæklingum þar sem fjallað var um ósiðsemi kvenna, kynsjúkdóma og vændi.³⁵

Vert er að setja þessi hlutverk embættis kvenlögreglunnar í samhengi bæði við setningu barnaverndarlaga árið 1932 þar sem barnaverndarnefndir voru skipaðar til þess að hafa eftirlit með aðstæðum barna sem og að hafa afskipti af þeim sakamálum þar sem börn komu við sögu. Þarna virðist sem heldri konum bæjarins hafi ekki þótt sú stofnun nógu öflug til þess að hafa nauðsynleg afskipti af börnum og unglíngum sem ekki gengu hina beinu braut. Hérna má líka velja því upp að um mismunandi hugmyndafræði sé að ræða, hvort í barnaverndarákvæðinu felist viðurkenning á því að unglíngar geti stigið feilspor og þau eigi ekki að móta framtíð þeirra og hvort að í viðhorfi kvenfélagskvennana leynist mögulega harðari dómur gagnvart þeim sem stíga þessi röngu skref. Hitt samhengið er svo ástandið og hin að því er virðist ólögsmætu eða í það minnsta harkalegu viðbrögð ríkisvaldsins við samskiptum ungra kvenna og hermanna á hernámsárunum.

Hugmyndin um kvenlögregluembætti gekk í endurnýjaða lífdaga með hernáminu. Um leið og siðsemi reykvískra kvenna var dregin í efa var leitað í hugmyndir um séreðli

³⁴ *Kvennasögusafn*, KSS6 – Kvenréttindafélag Íslands, einkaskjalasafn, fundargerðabók KRFÍ 1915. Askja 296. Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 227– 230.

³⁵ Levine. „Walking the street like no decent woman should“, bls. 43.

kvenna til þess að finna lausn á vandamálinu. Þó svo að konur teldust ekki nógu fróðar um siðferðismálin til að sitja í nefnd forsætisráðuneytisins sem fjallaði um málið var sérstakt siðferði þeirra talinn nauðsynlegur þáttur í lausn vandamálsins. Hermann Jónasson forsætisráðherra á að hafa farið þess á leit við íslenska konu sem starfaði í London við það að „tala um fyrir vændiskonum“ að koma heim til Íslands til þess að starfa sem siðferðis-lögregla í Reykjavík. Sú kona mun hafa afþakkað stöðuna og eftir það var Jóhanna Knudsen ráðin til lögreglunnar.³⁶

Því miður er áðurnefnd bók Hrafns og Bjarna eina heimildin sem höfundur hefur undir höndum um þessar umleitanir forsætisráðherrans og þar sem sú bók er illa studd heimildum er erfitt að sannreyna söguna. Sú staðreynd að hún hafi verið sögð sýnir engu að síður ákveðin viðhorf. Ætla má að mönnum hafi verið svo brugðið vegna samskipta ungra kvenna og hermanna að talið væri nauðsynlegt að fá ráðvandar konur til að leysa úr vandanum og ekki nóg með það heldur væri skynsamlegasta lausnin að fá til þeirra starfa konu sem vön væri að eiga samskipti við langt leiddar konur í stórborgum heimsins. Konur sem einungis höfðu unnið á Íslandi hafa þá mögulega ekki talist nógu harðsnúnar til þess að bregðast við siðspillingunni.

Vilmundur Jónsson landlæknir viðraði svipaðar hugmyndir um séreðli kvenna í bréfi sínu „Um saurlífnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapstígum“. Þar veltir hann upp sem mögulegri lausn á ástandinu að fyrirskipa mjög nákvæmt eftirlit með unglingsstúlkum í höfuðborginni. Eftirlitsaðilarnir ættu að vera „vel hæfar stúlkur“ og nefnir hann sem dæmi kennslukonur, hjúkrunarkonur og skátastúlkur og skyldu þær vera í fullu starfi við það að fylgjast með siðferði unglingsstúlkna.³⁷

Samantekt

Af framangreindu má draga þær ályktanir að þau afskipti sem ríkið hafði af ungum konum vegna ástandsins hafi sprottið upp úr margvíslegum hugmyndum um konur sem höfðu þróast á millistríðsárunum. Þessar hugmyndir eignuðu konum bæði jákvæða eiginleika sem og neikvæða; hún gat ýmist verið hin siðferðilega sterka vera sem verndaði konur og börn eða hin afvegaleidda stúlka sem stefnir þjóð sinni í glötun. Bæði þessi viðhorf tengjast hlutverkum kynjanna innan þjóðríkisins.

³⁶ Hrafn Jökulsson og Bjarni Guðmarsson, *Ástandið*, bls. 188 og 190.

³⁷ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II*, bls. 140.

3. kafli: Stétt og staða

3.1 Vinna kvenna – leiðin til siðspillingar

Aðstæður vinnandi kvenna voru ekki upp á marga fiska þegar hernámið hófst og unnu margar stúlkur fyrir sér sem vinnukonur á heimilum og höfðu ekki há laun fyrir. Stúlka sem var í vist hafði 150 krónur á ári í laun ásamt fæði og húsnæði fyrir sig og barn sitt.³⁸ Nokkur hefð hafði skapast í bænum fyrir því að nýta vinnuafli ungra kvenna sem fluttust í bæinn fyrir sem minnst kaup líkt og Steinunn Þorsteinsdóttir, sem fluttist til Reykjavíkur árið 1909, sagði frá. Hún hafi upplifað það að velmegandi Reykvíkingar nýttu sér hinn mikla aðstöðumun sem var á þeim sjálfum og stúlkum sem fluttust til Reykjavíkur í leit að öðruvísi lífi en sveitastörfunum. Aðstæður vinnukvenna hafi ekki verið góðar og kaupið heldur lélegt.³⁹

Við komu hersins sköpuðust atvinnutækifæri fyrir ungar konur sem skekktu að einhverju leyti þau stétt- og kynbundnu valdahlutföll sem höfðu verið ríkjandi í atvinnumálum bæði til sveita og í bænum. Konur gátu tekið að sér Bretapvott og fengið greitt fyrir rúm árslaun á viku eða starfað á kaffihúsum og í verslunum. Fljótlega var farið að ræða um siðspillandi og neikvæð áhrif Bretapvottarins á íslensk heimili og sama var að segja um sjoppuvinnuna. Ráðamenn drógu þá ályktun að þessi vinna kvenna – sem var reyndar gjarnan eignuð heimilunum í heild – myndi leiða til lausungar og upplausnar.⁴⁰ Því má velta upp þeirri spurningu hvort ein ástæða þess að samskipti kvenna og hermanna voru svo harðlega gagnrýnd hafi átt sér efnahagslegar ástæður. Mikið var rætt um vöntun á góðum stúlkum í vist og neyddust menn því til að fara að bjóða góð laun og „mannsæmandi aðstæður“ til þess að standast samkeppnina við Bretapvott og sjoppustörf.⁴¹

Því má spyrja hvort það var vegna þessara nýju aðstæðna í atvinnulífinu að hinir valdameiri í samfélaginu hafi brugðið á það ráð að gera allt sem gat mögulega leitt saman ungar stúlkur og hermenn að því allra siðlausasta sem fyrirfannst á landinu. 8. og 9. grein laga um eftirlit með ungmönnum beinist gegn siðspillandi atvinnu unglunga. Þar segir: „Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða ungmennadóms, hættu á

³⁸ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 125–128.

³⁹ Finnur Jónasson, „Umkomuleysi öreiganna“, bls. 12.

⁴⁰ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 126.

⁴¹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 127–129.

því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. grein.⁴² Spurning vaknar upp um hvort ástæða þessarar greinar hafi verið raunverulegur ótti um velferð unglinganna eða hvort þar hafi eiginhagsmunir þeirra sem treystu á ódýrt vinnuafli ungra kvenna ráðið ferðinni. Kann að vera að hvorug ástæðan útiloki hina.

3.2 Vændi og fátækt í blöðum

Til voru menn með lík viðhorf og Guðmundur Kamban til Reykjavíkurstúlkunnar sem skrifuðu í blöðin um ástandið og ræddu þar óhóflega gagnrýni á ungar konur og siðferðisástandið í höfuðborginni. Höfundar greina sem gagnrýndu umræðuna um ungar konur höfuðborgarinnar voru oft konur.⁴³ Birtust greinar þeirra iðulega í kvennablöðum líkt og *Nýju kvennablaði* eða í vinstrisinnuðum blöðum líkt og *Þjóðviljanum* og *Nýju dagblaði*.⁴⁴ Fátækt og efnahagsleg staða er aftur á móti fjarverandi í þeim blaðaskrifum karlmannna sem fjalla um vændi reykvískra kvenna. Eins torkennilegt og það kann að hljóma í eyrum nútímamanna er fátækt ekki til umræðu sem ástæða vændis og vændi í raun ekki skilgreint á þann hátt sem við könnumst við í dag. Orsökina var talin siðferðislegur galli og almenn lausung í kynferðismálum frekar en það að peningar eða vörur skipti um hendur í skiptum fyrir kynlíf. Þó eru dæmi um fréttir um alvarleg ástandsmál sem virðast hafa með efnahagslega stöðu stúlkanna að gera. Eftirfarandi tilvísun í greinina „Framhald af skýrslu velferðarnefndar portkvenna“ sem birtist í *Vísi* hinn 28. ágúst 1941 – daginn eftir að fyrstu útdrættirnir úr svo nefndri ástandsskýrslu birtust – gefa vísbendingu um alvarlegar aðstæður unglingsstúlkna sem umgengust herinn:

Vinkona þessarar fimmtán ára stúlku hafði sagt, að hún hefði aldrei minna en 30 krónur fyrir kvöldið, oftast meira, enda léti hún sér ekki nægja einn ... Síðan hefur mætta haldið til í hermanskála og fengið þar að borða. Á þessum tíma hafa tveir hermenn fengið að hafa mök við hana. Nöfn þeirra veit hún ekki.⁴⁵

⁴² Stjórnartíðindi 1942 A, bls. 111 (l. nr. 62/1942).

⁴³ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 249.

⁴⁴ ÁJ, „Hver ber sökina?“, bls. 2–3., JP, „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, bls. 5.-6., „Hvaða rétt höfum við konur?“, bls. 2 og 4.

⁴⁵ „Framhald af skýrslu velferðarnefndar portkvenna“, bls. 2.

Í greininni var því ekki velt upp hvað gæti leitt til þess að 14–16 ára stúlkur hefðu mök við hermenn og þæðu húsaskjól fyrir. Greinarhöfundurinn gagnrýndi það viðhorf ungra kvenna að munurinn á siðaðri konu og vændiskonu væri fjárhagslegs eðlis og sagði að hann væri í raun siðferðilegs eðlis. Lítið sem ekkert er því gert úr mögulegum efnahagslegum ástæðum þess að stúlkur tóku til þess bragðs að gista hermannabragga. Ekkert rými var fyrir aðrar skýringar en siðferðilegir gallar unglingsstúlkanna sjálfra. Jóhanna Knudsen hafði til að mynda miklar áhyggjur af því að „betri borgarar“ leyfðu dætrum sínum að umgangast hermenn.⁴⁶

Þó svo að fátækt væri sjaldan nefnd þegar karlar fjölluðu um vændi í tengslum við ástandið má þó benda á að hluti þeirra sem skrifuðu um ástandið í kvennablöð og vinstrisinnuð blöð bentu á efnahagslegar aðstæður unglinga sem mögulega ástæðu þess að stúlkur leituðu eftir samneyti við hermenn og að lausn vandans fælist í betri aðbúnaði unglinga.

Á kvennasíðu *Þjóðviljans* hinn 20. júlí 1940 birtist greinin „Hver á sökina?“ þar sem höfundur amast út í þá umræðu sem orðið hafði um unglingsstúlkur í Reykjavík. Höfundurinn, sem skrifar undir upphafsstöfunum Á.J, bendir á að um sé að ræða olnbogadætur bæjarins og krefst svara um það hvernig menn geti leyft sér að tala með svo mikilli dómhörku um 14–17 ára unglingsstúlkur og bendir á það óréttlæti og tækifæraleysi sem alþýðubörnin glíma við. Barnaskólanum luku alþýðubörnin þá 14 ára og þeim var þá ætlað að sjá fyrir sér sjálf eins og fullorðið fólk. Greinin gagnrýnir bæði barnaverndarnefnd og bæjaryfirvöld fyrir að veita þessum börnum ekki meiri stuðning en raun bar vitni.⁴⁷

Svipuð hugmynd kemur fyrir í grein í *Nýju kvennablaði* hinn 19. júní 1940 þar sem höfundur bendir á það að mjög alvarlegt sé að hluti þeirra kvenna sem almenn umræða hafði dæmt væru kornungar stúlkur. Hún gerir því skóna í framhaldi af því í grein sinni að þær séu fátækar og þar með menntunarlitlar.⁴⁸ Við fyrstu sýn virðist greinin ætluð til þess að verja orðspor ungra kvenna gegn árásum karlaveldisins en þegar á líður kemur í ljós að það að benda á fátækt stúlkanna virðist þjóna þeim tilgangi að hvetja til stofnunar hælís fyrir „vanvita” og „ógæfubörn”. Því má segja að greinarhöfundur nýti sér ríkjandi umræðu í samfélaginu til þess að benda á það sem betur mætti fara í félagsþjónustu og barnavernd í

⁴⁶ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 102.

⁴⁷ ÁJ, „Hver ber sökina?“, bls. 2–3.

⁴⁸ JB, „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, bls. 5–6.

Reykjavík án þess þó að taka undir ríkjandi orðræðu um drusluskap íslenskra kvenna. Greinarhöfundur er meðvitaður um það hvernig staðið sé að málum illa staddra unglunga erlendis og segir meðal annars:

Erlendis er nú orðið unnið mikið að mannræktarmálum, sem þessum. Vandræðafólkið reynist þjóðfélögunum dýrt í rekstri og þess vegna er kostað kapps um að fyrirbyggja, að fleiri ungmenni fari í hundana en hjá verður komist. Í þessu augnamiði hefir t. d. Lundúnaborg öll vangefna börnin sín og vandræðabörnin í sérstökum skólum til 16 ára aldurs.⁴⁹

Stéttarstaða ungu stúlkanna sem lentu í ástandinu var bæði notuð þeim til varnar og sem vopn til þess að skammast út í valdameiri hluta þjóðfélagsins sem fannst það eðlilegt að tala um lauslæti stúlkna sem varla voru af barnsaldri líkt og um persónulegan galla væri að ræða en ekki samfélagslega skapaðar aðstæður. Greinahöfundarnir ræða að mínu mati mjög greinilega um að þeir telji að ákveðnir hópar stúlkna, þær sem í greinunum eru nefndar alþýðustúlkur og falla í flokk þeirra sem útskrifast úr námi 14 ára gamlar og hafi ekki tækifæri til að mennta sig meira, séu viðkvæmar fyrir ástandinu.⁵⁰ Þær þurfi vernd samfélagsins og aðhald góðra kvenna til þess að halda sig á beinu brautinni.

Alþýðustúlkur virðast verða að birtingarmynd dekkstu hliðar ástandsins í hugum greinahöfunda. Þetta eru einu greinarnar sem ég hef rekist á sem ræða ungan aldur stúlkanna sem sérstakt vandamál, einu greinarnar sem telja það ekki eðlilegt að stúlkur undir 16 ára aldri séu vændar um að eiga í kynferðissamböndum við hermenn. Sá skilningur greinahöfundanna á ástandinu að þar hljóti að vera um alþýðustúlkur að ræða er svo notaður í því skyni að hvetja til að setja á fót uppeldisstofnanir, hæli og vinnuskóla fyrir afvegaleidda unglunga og „vangefna”.

Þegar stéttarstaða stúlkanna er notuð í slíkri orðræðu má greina ákveðin mannkynbótastef eða -sjónarmið bæði hvað varðar fátæka og fatlaða. Erlendar rannsóknir á upphafsárum félagsráðgjafar (e. *social work*) hafa sýnt fram á að stéttarstaða stúlkna hafði mikil áhrif á það hvernig kynhegðun þeirra var túlkuð. Abrams og Curran segja í rannsókn sinni á félagsráðgjöf og unglingadómstólum í Bandaríkjunum við upphaf 20. aldar að tiltrú félagsráðgjafa á dómskerfið ásamt millistéttarskiðferði þeirra hafi borið að hluta til ábyrgð á því mikla valdi sem ríkið gat tekið sér til þess að refsa þeim stúlkum, sérstaklega af

⁴⁹ JÞ, „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, bls. 5–6.

⁵⁰ JÞ, „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, bls. 5–6.

verkamannastétt, sem stigu út fyrir það sem þótti eðlileg eða góð hegðun ungra kvenna.⁵¹ Mögulegt er að viðhorf greinahöfundanna séu af svipuðum meiði, þeir virðast a.m.k. þekkja til þeirra aðferða sem beitt var í Englandi til þess að bregðast við unglíngavandamálum. Það vekur upp spurningar um hvort velmeinandi blaðamenn kvennablaðs hafi viljað vernda ástandsstúlkurnar ungu frá fullorðnum karlmönnum og þar með átt hlut í því að lög voru sett á hegðan ungmenna hér á landi sem viðbrögð við ástandinu. En vert er að benda á að báðar greinarnar eru skrifaðar árið 1940, áður en ástandsskýrslan svokallaða kom út, en ekki sem viðbrögð við greinum á borð við „Framhald af skýrslu velferðarnefndar port-kvenna“. Tímasetning greinanna kann að einhverju leyti að útskýra mismunandi tón þeirra gagnvart ástandinu. Að framansögðu má því greina að fátækt og hugmyndir um hana hafi komið við sögu í ástandsumræðunni.

Samantekt

Hugmyndaheimur ástandssumræðunnar virðist vera nátengdur þeim hugmyndum sem ríkjandi voru á áratugnum á undan þegar kom að hugmyndum um konur og um kynlíf. Erfiðara er að greina hvernig viðhorfin tengjast hugmyndum um fátækt en svo virðist sem ætluð fátækt ástandsstúlkna hafi verið notuð sem tæki til þess að gagnrýna valdhafa og til þess að reyna að benda á það að kannski var það ekki bara stúlkunum sjálfum að kenna að þær leituðu í félagsskap hermannanna. Hugmyndastraumarnir virðast af samanburði vera sameiginlegir innan þeirra landa þar sem erlendur enskumælandi her var staðsettur og birtist ástandið hvort sem er á Íslandi eða erlendis sem umræða um hlutverk kvenna sem hluti þjóðar og hugmynda um það að hvernig þær hagi kynlífi sínu hafi mikil áhrif á þjóðirnar sem þær tengjast. Því er ljóst að hugmyndir um konur, kynlíf og þjóðina mynda sniðmengi.

⁵¹ Abrams og Curran, „Wayward Girls and Virtuous Women“, bls. 57.

4. kafli: Lög er varða börn og ungmenni

„Barnavernd í víðustu merkingu gæti merkt allar þær ráðstafanir, sem þjóðfélagið gerir til að tryggja rétt og velferð barnsins í uppeldislegum, heilsufarslegum og efnahagslegum skilningi.“⁵² Þessi orð ritaði Símon Jóhann Ágústsson í ritið *Félagsmál á Íslandi* árið 1942. Á því ári urðu fyrstu sérstöku lög Íslendinga um barnavernd 10 ára og landið hernumið af erlendum her. Sama vor hafði verið gripið til þeirra ráðstafana að staðfesta bráðabirgðalög frá 1941 sem fjölluðu um eftirlit með ungmendum. Þau lög voru sett að því er virðist sem viðbrögð við – að ég tel – háværri umræðu sem geisað hafði í landinu allt frá komu hersins um samskipti ungmenna og þá sérstaklega kvenna við hermennina. Til þess að varpa betur ljósi á þessa lagasetningu er rétt að skoða hana í ljósi barnaverndar á Íslandi.

4.1 Þróun barnaverndar á Íslandi

Þó svo að formleg barnaverndarlög hafi ekki verið sett á Íslandi fyrr en árið 1932 er ekki hægt að segja að löggjafinn hafi ekki hugsað um hag barna fyrr. Í elstu lagabókum Íslendinga er að finna ákvæði um erfðarétt barna og mismunandi réttindi barna eftir því hvort þau eru skilgetin eða óskilgetin. Hildur Biering hefur skrifað um barnavernd á fyrri hluta 19. aldar, umfjöllun hennar hefst þó á því að skoða þau viðhorf sem birtast í húsatilskipuninni frá 18. öld. Í þeirri umfjöllun bendir hún á barnaverndarþátt húságans. Hugmyndin um grimmilegar uppeldisaðferðir og að börnum hafi verið misþyrmt í stórum stíl hérlendis í fyrri tíð virðist samkvæmt Hildi vera túlkun manna frá fyrri hluta 20. aldar á þeim greinum húságans sem fjalla um líkamlega refsingu barna. Í húsatilskipuninni var gert ráð fyrir því að það mætti refsa börnum líkamlega en þó virðist almenningur og yfirvöld hafa gert stóran greinarmun á eðlilegri refsingu annars vegar og misþyrmingum á börnum hins vegar. Í rannsókn Hildar kemur líka fram að á fyrri hluta 19. aldar hafi foreldrar verið dæmdir fyrir illa meðferð á börnum sínum og að menn hafi einnig gert sér grein fyrir því að hægt væri að brjóta kynferðislega á ungum börnum (málið sem hún tekur fyrir á við 8 ára gamla stúlku). Að þessi mál hafi verið tekin til umfjöllunar yfirhöfuð og rannsökuð af yfirvöldum telur Hildur benda til þess að atlæti barna hafi verið bæði almenningi og yfirvöldum hjartans mál og þó að líkamlegar refsingar hafi tíðkast á börnum bendi það ekki til þess að hvaða meðferð sem var hafi talist boðleg. Börn hafi þurft einhvern málsvara gagnvart hinum fullorðnu því ekki væri öllum jafn vel treystandi að fara með húsbóndavaldið. Málin sem Hildur ræðir hljóma ekkert ósvipuð þeim málum sem við könnumst við úr nútímanum,

⁵² Símon Jóh. Ágústsson, „Barnavernd“, bls. 183.

ofbeldi og vanræksla spila þar stóran þátt.⁵³ Húsaginn átti við um öll heimili á landinu burt séð frá stétt og stöðu fólks. Til dæmis fjallar Hildur um vel stæða bændur sem sakaðir voru um að fara illa með stúlku sem var sett niður hjá þeim en fátækari foreldrar voru sakaðir um vanrækslu þegar börn þeirra bjuggu við sult og þau höfðu ekki leitað til ættingja eða hreppsins eftir hjálp. Barnavernd af einhverju tagi var í það minnsta til staðar á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar en með bæjarmyndun í Reykjavík við lok 19. aldar sköpuðust aðstæður fátæktar sem ekki höfðu þekkst áður. Sem dæmi má nefna að tímabundið, eða árstíða-bundið, atvinnuleysi var algengara í Reykjavík heldur en í sveitum. Kann það að hafa leitt til þeirra breytinga sem urðu á barnavernd við upphaf 20. aldar.

Við upphaf 20. aldar voru sett ný lög um fátækramál. Þau eldri höfðu gilt frá fyrri hluta 19. aldar og var talin þörf á endurskoðun. Við setningu fátækralaganna tengjast barnavernd og fátækramál með formlegum hætti og segja má að barnavernd verði stétt-bundin. Fátækrafulltrúum var falin eftirlitsskylda með uppeldisskilyrðum fátækra barna og skólanefndum falin eftirlitsskylda með börnum einstæðra mæðra, sem á þessum árum fylltu gjarnan flokk fátæks fólks. Njörður Sigurðsson fjallar í grein sinni um fósturbörn í Reykjavík um viðhorf til og stöðu einstæðra mæðra á fyrri hluta tuttugustu aldar og sýnir þar fram á að á millistríðsárunum hafi fátækrastrjórnir verið tregar til að styrkja ungar vinnufærar einstæðar mæður til þess að halda saman heimili sínu. Þar með var felldur dómur um þeirra stöðu í lífinu.⁵⁴ Á fyrstu árum laganna var enn algengt að fjölskyldur væru leystar upp ef þær þurftu á opinberri aðstoð að halda, það er að segja að fólk var sett niður á mismunandi bæi.⁵⁵ Þessir niðursetningar urðu svo jafnan vinnuafli hjá þeim bændum sem þeir voru settir niður hjá. Í meistaraprófsritgerð sinni viðrar Finnur Jónasson þá hugmynd að Reykjavík hafi dregið til sín fátæklinga meðal annars vegna þess að í bænum gætti meiri mannúðar í meðferð fátækramála og að fjölskyldum hafi síður verið splundrað þar heldur en í sveitinni ef neyðin var ekki þeim mun meiri. Höfuðstaðurinn hafi þó ekki einungis tekið á móti minnimáttar af einskærri manngæsku, heldur hafi vinnuafli fólksins nýst í bænum líkt og í sveitinni.⁵⁶

Á meðan barnavernd var aðallega í höndum fátækranefndar var talsvert um það að börn væru tekin af foreldrum sínum vegna fátæktar, en eins og Njörður Sigurðsson bendir á var þeim engu að síður komið fyrir hjá öðru fátæku fólki. Árið 1927 voru fátækralöginn svo

⁵³ Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda*.

⁵⁴ Njörður Sigurðsson, „Örbirgð og upplausn fjölskyldna“, bls. 76–77.

⁵⁵ Njörður Sigurðsson, „Örbirgð og upplausn fjölskyldna“, bls. 67–68.

⁵⁶ Finnur Jónasson, „Umkomuleysi öreiganna“, bls. 11.

endurskoðuð að nýju og þá var ekki lengur hægt að taka börn af foreldrum sínum án leyfis foreldranna ef fátækt var eina tilefnið til afskipta af heimilinu. Þrátt fyrir þessa breytingu voru meginástæður vistunar barna aðstæður sem rekja má til fátæktar foreldra þeirra, til dæmis húsnæðisvandi og léleg húsakynni. Á þessu tímabili virðast ekki vera nein lög sem ná yfir börn burt séð frá stétt og stöðu foreldranna.⁵⁷ Bendir þetta til þess að einhverjar hugmyndir um fátækt og fátæka hafi haft áhrif á afskipti hins opinbera af börnum. Ólíklegt er að slíkar hugmyndir hafi verið úreltar þegar kom að því að setja bæði barnaverndarlögin og lög um eftirlit með unglingum.

Árið 1932 var svo komið að því að setja sérstök lög um barnavernd þar sem stétt og staða foreldranna er í það minnsta ekki opinber ástæða fyrir afskiptum af heimilinu. Sérstakar barnaverndarnefndir voru settar í kaupstöðum og skólanefndum falið hlutverk þeirra í sveitum. Í lögnum er kveðið á um að nefndirnar skuli starfa saman til að finna hentug fósturheimili og einnig að þær skuli hafa eftirlit með þeim heimilum sem tekið hafa að sér börn.⁵⁸

Nokkrar umræður spunnust um setningu laganna á Alþingi. Að miklu leyti snerust þær um kostnað og með hvaða hætti ætti að skipta verkum, það er að segja hvað ætti að vera á ábyrgð sveitarfélaganna og hvað á höndum ríkisins. Þessar umræður voru mest áberandi í tengslum við hvort væri nauðsynlegt að skipa barnaverndarráð sem einhverskonar yfirstofnun yfir barnaverndarnefndunum sem væru þá á ábyrgð hvers bæjarfélags fyrir sig. Áberandi var umræða hvort þörf væri á barnavernd í sveitum landsins en það bendir til þess að hugmyndir hafi verið uppi um að heimili í sveit væru best til þess fallin að taka við börnum sem tekin voru af heimilum sínum. Menn hafi talið uppeldisskilyrði fyrir börn betri í sveitum og mögulega að þau vandamál sem leiddu til þess að börn þyrfti að vista utan heimilis væru að einhverju leyti þéttbýlinu að kenna. Guðrún Lárusdóttir var framsögumaður laganna og hélt fast við það að eftirlit þyrfti ekki einungis að vera í bæjum heldur sveitum líka.⁵⁹

Lögin um barnavernd gerðu ráð fyrir því að barnaverndarnefndunum væri falið eftirlitshlutverk með heimilum, að þær væru ráðgefandi og af þeim má lesa að það að fjarlægja börn af heimilum sínum ætti í raun að vera neyðarúrræði ef aðrar tilraunir til að bæta heimilislíf hafi ekki borið árangur sem skyldi. Flestar lagagreinarnar hafa þann tilgang að

⁵⁷ Njörður Sigurðsson, „Örbirgð og upplausn fjölskyldna“, bls. 69.

⁵⁸ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 79 (l. nr. 43/1932).

⁵⁹ *Alþingistíðindi* 1932 B, d. 1586–1587.

vernda börnin gegn ofríki hinna fullorðnu og að skerpa á skyldum fullorðinna gagnvart börnum. Breytingar á löggjöf er varðaði velferð barna urðu ekki einungis á Íslandi á millistríðsárunum. Árið 1933 voru sett lög um börn og ungmenni (e. *The children and young persons act*) sem fjallaði að mestu leyti um unga afbrotamenn (juvenile delinquents). Í lögunum var stoðum rennt undir starfsemi svokallaðra *approved schools*, uppeldisstofnana fyrir unglinga sem starfað höfðu frá miðri 19. öld. Upphaflega voru skólarnir eða heimilin aðskilin eftir því hvort um væri að ræða heimili fyrir börn og unglinga sem dæmdir höfðu verið fyrir afbrot eða hvort um væri að ræða einhverskonar iðnskóla fyrir munaðarlaus börn. Slík heimili höfðu þó orðið fyrir nokkurri gagnrýni eftir fyrri heimsstyrjöldina, meðal annars vegna ofnotkunar á líkamlegum refsingum. Einn þáttur laganna var að fylgjast skyldi betur með hvaða uppeldisaðferðum væri beitt á slíkum stofnunum.⁶⁰ Líkt og íslensku lögunum var *The children and young persons act* ætlað að fjarlægja umönnum vanræktra barna úr fátækralöggjöfinni og setja hana í hendur annarra yfirvalda.⁶¹ Í Bandaríkjunum virðist fóstur á einkaheimilum (*foster care*) hafa færst í aukana við upphaf 20. aldar. Fóstur á einkaheimilum var talin framför frá þeim stofnunum sem til staðar höfðu verið þar í landi frá miðri 19. öld þar sem sýnt hafði verið fram á að stofnanirnar uppfylltu hvorki líkamlegar né sálfræðilegar þarfir barna í þeirra umsjá. Fósturkerfið var hannað með það í huga að aðeins væri um tímabundið ástand að ræða þar sem upprunafjölskyldur barnanna myndu taka við þeim aftur eftir að hafa tekið á sínum vanda.⁶²

Eina greinin sem hreint og beint beinist að börnum sem gerendum í íslensku lögunum fjallar um það að afbrot barna yngri en 16 ára geti verið meðhöndluð af barnaverndarnefnd í stað lögreglu ef nefndin óskar þess. Guðrún Lárusdóttir talaði mjög fyrir þessari grein og benti á í því samhengi að afbrot unglinga væru rannsökuð af lögreglu og svo send til einhvers skrifstofumanns í Stjórnarráðinu sem hafði vald til að senda börnin út á land (gera þau útlæg úr bænum, eins og Guðrún orðaði það) í allt að 3 ár. Áhugavert er að sjá að þessi þriggja ára refsiramma fyrir ungmenni er einnig til staðar í bresku lögunum.⁶³ En þessi viðbrögð og vinnubrögð þóttu Guðrúnu – ef marka má ræðu hennar á þingi – alls ekki til bóta fyrir unga afbrotamenn.⁶⁴

⁶⁰ Hendrick, *Child Welfare*, bls. 177 og 182.

⁶¹ Hendrick, *Child Welfare*, bls. 183.

⁶² English, „Pediatrics and the Unwanted Child in History“.

⁶³ Hendrick, *Child Welfare*, bls. 185.

⁶⁴ *Alþingistíðindi* 1932 B, d. 1582.

Hlutverk barnaverndarnefnda átti því fyrst og fremst að vera stuðningur við foreldra og eftirlit með erfiðum heimilum. Að mati Guðrúnar Lárusdóttur áttu afskiptin, eins og áður segir, að vera fyrst og fremst ráðgefandi og full stuðnings. Einnig áttu barnaverndarnefndir að vera vel kunnugar þeim heimilum sem þær skiptu sér af og áttu þannig að stuðla að því að úrræði sem beitt væri yrðu börnunum til sem mestrar gæfu. Gert var ráð fyrir í lögunum að hægt væri að fjarlægja börn af heimilum sínum ef áframhaldandi dvöl þar væri ekki talin þeim holl – hvort sem var á líkama eða sál; ef heimilin voru með öðrum orðum heilsu- eða siðspillandi. Í lögunum er að mestu gert ráð fyrir að börnum sem lentu í þessum aðstæðum væri komið fyrir hjá fjölskyldum ýmist í borg eða sveit, þó sveitin hafi átt meira fylgi að fagna. Eitthvað var þó líka rætt um stofnun hæla eða heimila fyrir börn, aðallega í tengslum við úrræði fyrir fötluð börn sem ekki gátu fengið viðeigandi umönnun heima fyrir. Guðrún Lárusdóttir lagði fram frumvarp um „fávítahæli“ árið 1935 þar sem gert var ráð fyrir að stofna þyrfti skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli fyrir „fávíta“. Skólaheimilinu væri ætlað að kenna „fávíta“ börnum sem eitthvað gætu lært, vinnuhælin áttu að veita full-orðnum „fávítum“ atvinnutækifæri og hjúkrunarhælin áttu að taka við þeim, jafnt ungum sem öldnum, sem ekkert gætu lært né unnið.⁶⁵

Á þessum 10 árum sem liðin voru frá setningu barnaverndarlaga starfaði eitt heimili fyrir börn allt árið en það var Sólheimar í Grímsnesi. Þar voru vistuð bæði „heilbrigð“ börn og „fávítar“. Enn höfðu hælin sem frumvarp Guðrúnar Lárusdóttur gerði ráð fyrir að stofnuð yrðu ekki lítið dagsins ljós.

Símon Jóhannes Ágústsson starfaði á þessum tíma fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur og barnaverndarráð við að yfirheyra afbrotaunglinga, enda menntaður sálfræðingur. Í kafla hans kemur fram að engin hæli séu í landinu sem taki við afbrotaunglingum, vanræktum og „siðferðislega gölluðum“ börnum eins og þau nefnast í pistlinum. Skrif Símonar Jóhannesar gefa til kynna að það sé miður fyrir stöðu barnaverndar á Íslandi að slík hæli séu ekki til í landinu, en fram að þessum tíma hafði öll barnavernd hvort sem hún nefndist því nafni eða öðru miðað að því að bæta uppeldisskilyrði barna heima fyrir eða að koma börnum fyrir á heimilum sem frekar höfðu tök á því að ala þau upp.

Símon Jóhannes telur þörf á því að stofna að minnsta kosti eitt heimili fyrir stúlkur og eitt fyrir drengi sem gangi illa að koma fyrir í sveit. Í samhengi við þörfina á slíku heimili eða stofnun nefnir Símon Jóhannes til dæmis að sumir vandræðaunglingar þurfi strangari gæslu heldur en einkaheimili séu fær um að veita og nefnir hann sérstaklega í því sam-

⁶⁵ Vef. althingi.is, <http://www.althingi.is/alttext/50/s/pdf/0238.pdf>, sótt 4. maí 2016.

hengi lauslátar telpur. Ritið er gefið út árið 1942 en það sama ár voru lög um eftirlit með unglingum staðfest á þingi eftir að hafa gilt frá áramótum 1941 sem bráðabirgðalög en í þeim er einmitt gert ráð fyrir heimild ríkisstjórnar til að koma upp upptökuheimili fyrir afvegaleidda unglinga.⁶⁶ Þó má einnig benda á að vegna ótta við kynferðislega hegðun og getnað var eitt fyrsta verk samræmds hjálparstarfs í Bretlandi stofnun heimilis fyrir veikgeðja unglingsstúlkur upp úr 1918.⁶⁷ Einnig hafði Vilmundur Jónsson landlæknir rætt hugmyndir um lauslæti „fáráðlingskvenna“ í frumvarpi til laga um afkynjanir og vananir sem hann gaf út árið 1937.⁶⁸ Stofnun hvors síns heimilisins fyrir drengi og stúlkur gefur vísendingar um að einhverskonar mannkynbótahugmyndir hafi haft áhrif á Símon Jóhannes. Í Bandaríkjunum myndaðist snemma á 20. öld mismunandi skilningur á því hvernig veikgeðja (e. *feeble-minded*) stúlkur og drengir kæmu fram. Gallar drengjanna lýstu sér gjarnan sem slæpingsháttur en veikgeðja stúlkur voru gjarnan taldar mjög kynferðislegar. Þessi kynjaskipting kom líka fram í störfum ungmennadómstóla í Bandaríkjunum þar sem stúlkur voru nánast undantekningalaust yfirheyðar um kynlíf sitt og jafnvel sendar í lækniskoðun sem átti að staðfesta hvort þær væru kynferðislega virkar þó afbrotin sem þær voru handteknar fyrir væru ekki af kynferðislegum toga. Vegna þessara hugmynda fólst lausn vandans meðal annars oft í því að halda drengjum og stúlkum aðskildum svo ekki fæddust fleiri slíkir einstaklingar.⁶⁹

Upptökuheimili undir stjórn barnaverndarnefndar urðu stór þáttur í barnaverndarstarfi á árunum og áratugunum eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk og er saga þeirra ekki saga þeirra barnaverndarframfara sem Símon Jóhannes hefur séð fyrir sér þegar hann kvartar um vöntun á þessum heimilum.⁷⁰ Tímasetning ritgerðarinnar er áhugaverð fyrir þær sakir að nýlega var búið að setja áður nefnd lög og kveikir hún þá hugmynd að að hluta til sé verið að réttlæta stofnun upptökuheimilisins á Kleppjárnsreykjum með því að leggja

⁶⁶ Símon Jóhannes Ágústsson, „Barnavernd“, bls. 188.

⁶⁷ Hendrick, *Child Welfare*, bls. 91.

⁶⁸ Vilmundur Jónsson, *Afkynjanir og vananir*, bls.

⁶⁹ Kennedy, „Eugenics, “Degenerate Girls,” and Social Workers During the Progressive Era“, bls. 24–25. Abrams og Curran, „Wayward Girls and Virtuous Women“, bls. 52–53.

⁷⁰ Hér er vísað í rannsóknir sem fram hafa farið á starfsemi ýmsra upptökuheimila sem hófst með Breiðavíkurmálinu svokallaða og stendur enn yfir. Þau heimili sem vistheimilanefnd hefur haft til rannsóknar tóku öll til starfa eftir að tímabili þessarar rannsóknar líkur. Höfundur hefur þó velt fyrir sér hvort Kleppjárnsreykjahælið ætti ekki að rannsaka með sama hætti og önnur upptökuheimili á vegum barnaverndarnefndar þar sem grunur er um að illa hafi verið farið með þá unglinga sem þar voru vistaðir. <https://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/6988>.

áherslu á hversu erfitt það sé fyrir einkaheimilin að taka erfiðustu unglíngana að sér ásamt því að ræða um hversu slæmt það sé fyrir unglíngana að hringlast um á milli heimila þegar gefist er upp á því að hafa þá á hinum einstöku heimilum. Símon Jóhannes nefnir einnig að sjálfræðisaldurinn sé of lágur á Íslandi miðað við nágrannalöndin og bendir á að í Danmörku hafi barnaverndarnefndir afskipti af vandræðaunglingum til 21 árs aldurs og kemur þar með inn á eitt aðalatriði laganna um eftirlit með unglíngum, hækkun sjálf-ræðisaldursins.

4.2 Lög um eftirlit með ungmennum

Strax við hernám Íslands skapaðist umræða um samskipti ungra kvenna og einstakra setuliðsmanna. Menn litu það alvarlegum augum að konur ættu í nánum samskiptum við erlenda karla og svo fór að skýrsla sem fékk nafnið „ástandsskýrslan” í almennri umræðu var gefin út og í henni var því haldið fram að konur á öllum aldri væru í hinu svokallaða ástandi. Rætt var um skelfilegt siðferðisástand hjá stórum hluta reykvískra kvenna og lítill eða enginn greinarmunur gerður á 12 ára stúlkubörnum og fullvaxta konum á sjötugsaldri.⁷¹

Aðdragandi lagasetningar um eftirlit með unglíngum virðist vera langur og hefjast í tengslum við æsilegan frétt aflutning við upphaf hernámsins. Veturinn 1940 hóf Jóhanna Knudsen að falast eftir embætti kvenlögreglu, sem þá hafði ekki verið stofnað. Eins og áður segir höfðu kvenréttindakonur meðal annars krafist þess að slíkt embætti yrði stofnað allt frá árinu 1921. Slíkar hugmyndir höfðu einnig komið fram í tengslum við setningu barnaverndarlaganna árið 1932 en þar var frekar farin sú leið að tryggja setu kvenna í barnaverndarnefndum. Árið 1941 var svo komið að Hermann Jónasson dómsmálaráðherra taldi nauðsynlegt að rannsaka siðferðisástandið í bænum og fól Jóhönnu Knudsen það hlutverk.⁷² Sama ár skrifaði Vilmundur Jónsson landlæknir dómsmálaráðuneytinu tvö embættisbréf sem fjölluðu um ástandið í bænum. Það fyrra var ritað hinn 11. júlí 1941 og fjallaði hann þar eins og áður segir um lausnir á vandamálinu sem byggðust á því að senda stúlkurnar út á land og ráða siðvandar konur til þess að fylgjast með framferði stúlkanna. Samkvæmt Vilmundi yrði hlutverk þessara eftirlitsstúlkna það að vingast við skjólstæðinga sína, verða trúnaðarvinkonur þeirra og leitast við

⁷¹ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 123.

⁷² Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 95.

að vekja áhuga þeirra á siðlegum skemmtunum, íþróttum og öðrum hollum viðfangsefnum. Vilmundur taldi að flytja þyrfti allar þær konur sem hefðu skækjulifnað að atvinnu út úr borginni og helst á einhverskonar vinnuhæli þar sem þær gætu búið við holla vinnu og heilbrigðan aga. En að öðru leyti hafði hann litla trú á aðgerðum sem beindust að samskiptum fullorðins fólks.⁷³

Úr þessum skrifum landlæknisins má greina það viðhorf að ungum stúlkum Reykjavíkur væri bjargandi frá hryllingi ástandsins ef samskipti þeirra við hermenn væru takmörkuð og einnig ef slæmar fyrirmyndir svo sem vændiskonur væru fjarlægðar úr borginni. Hugmyndir hans um hlutverk eftirlitsstúlkanna ríma líka við orðræðu Guðrúnar Lárusdóttur í tengslum við setningu barnaverndarlaga og hugmyndir hennar um hlutverk barnaverndarnefnda. Munurinn á viðbrögðunum gagnvart ungum stúlkum sem ekki væru enn farnar að hafa mikil samskipti við herinn og gagnvart þeim konum sem sakaðar voru um að hreinlega vera vændiskonur gefur vísbendingu um að hugmyndir um félagsleg vandamál sem smitandi hafi haft áhrif á Vilmund. Slíkar hugmyndir eru ekki ólíklegar ef fyrri verk Vilmundar á sviði kynferðis- og siðferðismála eru skoðuð.

Árið 1937 setti hann fram frumvarp til laga um afkynjanir og vananir og var greinargerð með frumvarpinu gefin út til þess að skýra tilgang laganna og með hvaða hætti væri æskilegast að framkvæma þau. Í greinargerðinni komu viðhorf Vilmundar til mannkynbóta mjög greinilega í ljós en þau voru ekki endilega alltaf í takt við „klassíska mannkynbótastefnu“ þar sem hann hafnaði ekki endilega áhrifum félagslegra aðstæðna fólks á líf þeirra eins og gjarnan var raunin í harðri mannkynbótastefnu. Innan hennar var gjarnan gert ráð fyrir því að glæpahneigð, alkóhólismi og önnur félagsleg vandamál væru arfgeng og lítið hægt að gera við því. En stefnu hans og hugmyndum má lýsa sem mannkynbótum til aukins jafnaðar, enda var Vilmundur harður jafnaðarmaður. Í huga hans má segja að mannkynbætur væru ein leið fólksins til þess að bæta stöðu sína í þjóðfélaginu og má þar til dæmis benda á að fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir öðluðust ákveðna viðurkenningu í gegnum slíka orðræðu á millistríðsárunum. Þau frumvörp sem Vilmundur kom nálægt á millistríðsárunum voru gjarnan orðuð á þann hátt að ekki væri hægt að nota heimildir þeirra gegn fólki á forsendum stéttar- eða efnahagsstöðu.⁷⁴

Mannkynbætur höfðu verið ríkjandi hugmyndastefna um hinn vestræna heim allt frá aldamótunum 1900 og því ekki óeðlilegt að slíkra hugmynda hafi gætti í stefnumótun á Íslandi. Í Bandaríkjunum blönduðust mannkynbætur saman við aðrar hreyfingar sem sneru

⁷³ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II*, bls. 139–141.

⁷⁴ Vilmundur Jónsson, *Afkynjanir og vananir*, bls. 17–20.

að bættum félagslegum aðstæðum í borgum (e. *social hygiene/social purity movements*). Samtvinnun þessara hugmynda – það er mannkynbóta og félagslegs hreinleika – virðast hafa haft töluverð áhrif á glæpavæðingu kynverundar ungra kvenna samhliða því að starfsstétt félagsráðgjafa mótaðist í Bandaríkjunum ef marka má rannsókn Angie C. Kennedy, bandaríks félagsráðgjafa, sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á stétt og fátækt í samhengi við kynþátt. Rannsókn hennar fjallar um það hvernig mannkynbætur og hugmyndir um siðferðilega úrkynjaðar (e. *degenerate*) stúlkur héldust hönd í hönd meðal félagsráðgjafa á fyrri hluta 20. aldar í Bandaríkjunum.⁷⁵

Þó svo að stór hluti hinnar almennu umræðu hafi fjallað um konur og stúlkur voru sett bráðabirgðalög um eftirlit með hegðun ungmenna burt séð frá kyni. Í Ástralíu voru einnig sett lög sem hafa gjarnan verið túlkuð sem bakslag gegn samskiptum þarlandra kvenna og bandarískra hermanna. Lögin gáfu lögreglunni mikið vald til þess að handtaka þá sem grunaðir voru um að bera með sér kynsjúkdóma. Þessi lög voru hluti af hrinu laga-setninga í Ástralíu sem var sett í nafni „national security“. Lögin gengu oft gegn því sem telst til eðlilegra mannréttinda og voru alvarlegustu lögin líklega þau sem sviptu fólk frelsi sínu vegna þjóðernis forfeðranna. Líkt og í hinum íslensku lögum um eftirlit með ungmennum var kyn látið liggja á milli hluta en eitthvað virðist þó vera um það að lögunum hafi verið beitt sérstaklega gegn konum.⁷⁶ Þessi lagasetning rímar einnig við þær breytingar á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum sem Jónas frá Hriflu reyndi að koma í gegnum þingið þar sem átti að banna ferðir kvenna við höfnina á ákveðnum tímum sólarhringsins undir því yfirskyni að koma í veg fyrir kynsjúkdómasmit.⁷⁷ Sú tilhneiging að nota sjúkdóma-varnir sem ástæðu til að skipta sér af siðferði eða kynverund ungra kvenna virðist vera fjölþjóðlegt fyrirbæri séu þessi tilfelli tekin sem dæmi. Einnig er áhugavert að lög sem eiga að fjalla um siðferði eða sjúkdómavarnir eru samþykkt með kynjahlutlausu orðalagi en framkvæmdin virðist beinast að mestu leyti gegn konum.

Í lögunum um eftirlit með ungmennum koma fyrir ýmsar hugmyndir um hvað unglíngum sé fyrir bestu og hvernig eigi að bregðast við vandræðaunglíngum í því ástandi sem ríkti í þjóðfélaginu. Hermann Jónasson, forsætis- og dómsmálaráðherra, fór fram á það að bráðabirgðalög yrðu sett um eftirlit með ungmennum yngri en tvítugum. Í því fólst

⁷⁵ Kennedy, „Eugenics, “Degenerate Girls,” and Social Workers During the Progressive Era“, bls. 22–23.

⁷⁶ Kennedy, „Eugenics, “Degenerate Girls,” and Social Workers During the Progressive Era“. Ilma Martinuzzi O'Brien, „Citizenship, Rights and Emergency Powers in Second World War Australia“, bls. 208.

⁷⁷ *Alþingistíðindi* 1940 A, bls. 354.

að eftirlitsaldurinn hækkaði um fjögur ár á einni nóttu, því eins og kemur fram hér að ofan miðaðist eftirlit barnaverndarnefnda áður við 16 ár. Einnig fela bráðabirgðalögin í sér setningu sérstaks ungmennadómstóls sem verður þá – ef miðað er við barnaverndarlög – einhverskonar millidómstig milli þess að láta barnaverndarnefnd alfarið um mál unglunga líkt og heimild var til samkvæmt barnaverndarlögum og að fela hinum almennu dómstólum mál ólögráða einstaklinga. Þrátt fyrir að þetta millidómstig hafi verið skapað eru ákvæði 2. greinar laganna þó á þann veg að afskipti af unglungum hafi fyrst og fremst átt að fylgja anda hinna eiginlegu barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um að barnaverndarnefnd geri foreldrum eða forráðamönnum viðvart ef unglingur verður uppvís að slæmri hegðun, þar sem tekið er sem dæmi lauslæti, drykkjuskapur og slæpingsháttur. Þau viðbrögð við slæmri hegðun barna virðast vera í takt við barnaverndarlögin frá 1932 þar sem tekið er fram að barnaverndarnefndir eigi að leitast við að ráðleggja heimilunum og koma börnum á beinu brautina án þess að beita of miklu valdi. 2. grein laganna virðist eiga að vera helsta úrræðið gegn slæmri hegðun ungmenna þar sem ákvæði 3. greinar laganna heimilar að „hæfilegum uppeldisráðstöfunum“ sé beitt, þar með sveita- og hælissvist, einungis ef ómögulegt sé að beita ráðstöfunum 2. greinarinnar eða ef þau hafi verið reynd og ekki komið að haldi. Í framangreindum ákvæðum gætir greinilega svipaðs hugsunarháttar og í barnaverndarlögunum að þó börn og unglingar brjóti af sér sé ekki viðeigandi að fela þau sömu yfirvöldum og ef um fullorðið fólk sé að ræða og að besta úrræðið sé að senda þau á heimili þar sem þeim verði leiðbeint.

Áhugavert er að sjá að lauslæti er talið upp sem ein gerð hegðunar sem þótti refsiverð hjá unglungum. Umræða um lauslæti í nútímamáli á jafnan við um kynhegðun fólks og þá oft sérstaklega kvenna. Þær sem eru lauslátar eru stúlkur sem eiga í kynferðis-sambandi við marga menn og virðist sami skilningur vera lagður í hugtakið í lögum um eftirlit með ungmennum þó ætla megi að lauslæti hafi verið skilgreint nokkuð þrengra á fimmta áratugnum en við gerum í dag.

Lauslæti ungra kvenna er flokkað með slæpingshætti og drykkjuskap sem sérstakt vandamál sem tengist samskiptum ungs fólks við herinn.⁷⁸ Sú flokkun var þó að öllum líkindum ekki ný þar sem Vilmundur landlæknir fjallaði um lesti „andlegra fátáðlinga“ í áðurnefndri greinargerð sinni og sagði þar: „Stúlkur verða unnvörpum skækjur, eiga lausaleiksbörn á fyrsta kynþroskaaldri og geta oft ekki feðrað, breiða út kynsjúkdóma og

⁷⁸ *Stjórnartíðindi* 1942 A, bls. 110–111 (l. nr. 62/1942).

hverskonar óþverra, en piltarnir verða betlarar, vandræðamenn, drykkjuræflar og tötra-
lýður.⁷⁹

Af þessum orðum má greina að hefð var orðin fyrir því að kynjaskipta löstum þannig að einblínt var á kynferðismál hjá konum en nánast allir aðrir lestir eignaðir körlum eða drengjum. Einnig er áhugavert að sjá að þeir lestir sem voru formlega gerðir refsiverðir í tengslum við samskipti ungmenna og hermanna höfðu áður verið eignaðir fötluðum einstaklingum. Sú staðreynd að lestirnir hafi áður verið eignaðir „andlegum fáráðlingum“ vekur einnig upp spurningar um hvernig litið var á þau ungmenni sem brutu gegn lögum um eftirlit með ungmennum, hvort þau hafi verið flokkuð sem „fáráðlingar“ eða hvort menn hafi talið að „fáráðlingar“ væru líklegri en aðrir til þess að blanda geði við hermennina.

Hælisúrskurður var ein helsta lausnin sem lög um eftirlit með ungmennum hafði á vandamálum ástandsins og er ekkert athugavert við það, sérstaklega í ljósi þess að það virðist hafa verið talin hin mannúðlegasta og nútímalegasta aðferð til uppeldis vandræðaunglinga ef marka má áðurnefndar greinar í *Nýju kvennablaði* og viðhorf sem birtust í umfjöllun Símonar Jóhannesar í *Félagsmálum á Íslandi*. Ákvæði laganna um framkvæmd slíkrar vistunar virðast þó ekki alveg í takt við það sem taldist best þegar barnaverndarlög voru sett. 5. grein laga um eftirlit með ungmennum fjallar um framkvæmd hælisúrskurðar og hljóðar svo:

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þó ekki fara fram úr tveimur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lög-ráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.⁸⁰

Þetta ákvæði vekur áhuga í ljósi þess að það rímar í stórum dráttum við áðurnefnda lýsingu Guðrúnar Lárusdóttur á framkvæmd dóma yfir ungmennum fyrir tíð barnaverndarnefnda sem kom fram í umræðum Alþingis um barnaverndarlögin. Þar gagnrýndi hún að ungmenni væru gerð útlæg úr bænum um óákveðinn tíma af skrifstofumönnum sem ekkert þekktu til. Þó svo valdið til að senda unglínganna í burtu hafi ekki verið í höndum ókunnugra skrifstofumanna í lögum um ungmennadómstólinn má engu að síður velta því

⁷⁹ Vilmundur Jónsson, *Afkynjanir og vananir*, bls. 41.

⁸⁰ *Stjórnartíðindi* 1942 A, bls. 111 (l. nr. 62/1942).

fyrir sér hversu kunnugir dómara voru aðstæðum barnanna og virðist refsingin og framkvæmdin frekar í þeim stíl sem tíðkast hafði fyrir setningu barnaverndarlaganna.

Aftur verður ungmennadómstóllinn að einhverskonar millistigi milli barnaverndar og eldri hugmynda og meðferðar á vandræðaunglingum þar sem honum er falið vald til að úrskurða um hælsvist sem og að leysa viðkomandi ungmenni úr vistinni, en úrskurðurinn sjálfur sé ótímabundinn.

Þegar lögin voru loks rædd á Alþingi vorið 1942 snerust umræðurnar að stærstum hluta um þrjú meginþemu: Skammir til ríkisstjórnarinnar fyrir að setja þau sem bráðabirgðalög, hvort viðeigandi væri að setja fólk á giftingaraldri (sem miðaði við 18 ár) undir eftirlit barnaverndarnefndar og vangaveltur um það til hvers lögin væru í raun, hvort þau gætu haft einhver áhrif á lífnað unglinga í landinu. Einnig komu fram vangaveltur um hvort stofnun siðferðislögreglu meðfram lagasetningunni væri ekki nauðsynleg. Í ræðu Sigurjóns Á. Ólafssonar kemur fram vitund um að framferði ungra kvenna sé ástæða laga-setningarinnar og að forstöðumaður uppeldisstofnunarinnar sem á að koma á fót hljóti að verða kvenmaður.

Vangaveltur um stofnun siðferðislögreglu tengjast í alþingisumræðunni meðal annars því að í lögunum eru ákvæði sem beinast gegn fullorðnum einstaklingum sem afvegaleiða unglinga og taldi þingmaðurinn það að slíkt eftirlit hlyti að þurfa að vera hjá lögreglunni en ekki hjá barnaverndarnefnd.⁸¹ Einnig lýsir þingmaðurinn yfir áhyggjum með framkvæmd laganna, það er mögulegri misbeitingu þeirra eftir stéttarstöðu þeirra sem eiga í hlut og minnir þingheim á að ef ræða eigi ástandið í hreinskilni verði að muna að það hafi áhrif á betri heimili líka. Stéttarstaða barna virðist mögulega hafa haft áhrif á framkvæmd eftir setningu barnaverndarlaganna 1932, ef skilja má þær áhyggjur sem þingmenn létu í ljós af því hvernig framkvæmd laga um eftirlit með ungmennum yrði háttáð sem vísbendingu um að slíkt hafi viðgengist. Þingmenn viðruðu áhyggjur af því að lögunum yrði beitt að mestu gegn stúlkum sem minna mættu sín, væru í launavinnu eða fátækar.⁸²

Rannsóknir Hafdísar Erlu Hafsteinsdóttur benda til þess að þessar áhyggjur hafi reynst á rökum reistar, því þær stúlkur sem dæmdar voru til hælsvistar hafi einatt átt lítið eða lélegt bakland.⁸³ Áminningin um að vakta verði betri heimilin jafnt sem þau aumari

⁸¹ *Alþingistíðindi* 1942 B-C, d.106.

⁸² *Alþingistíðindi* 1942 B-C, d. 106.

⁸³ *Vef. Hafdís Erla Hafsteinsdóttir*, „Hún var með eldrauðar varir og neglur, en að öðru leyti ekkert athugaverð í útliti“.

rímar við áhyggjur Jóhönnu Knudsen sem eins og áður getur virtist hafa miklar áhyggjur af samskiptum kvenna af betri heimilum við hermennina.⁸⁴

Í endanlegri útgáfu af lögum um eftirlit með ungmennum o.fl. var eftirlitsaldurinn lækkaður niður í 18 ár en að flestu öðru leyti voru lögin samhljóða þeim sem sett voru til bráðabirgða í desember 1941.

Samantekt

Sýnilegt er af framangreindu að barnavernd, hvort sem er í þröngri eða víðri merkingu, í einhverskonar mynd hefur tíðkast á Íslandi frá elstu lögum. Börn hafa bæði verið skilgreind sem þolendur og gerendur í málum sem þarfnast afskipta, þó framan af virðist áherslan hafa verið á það að vernda börn gegn illri meðferð af hendi hinna fullorðnu, gegn vanrækslu og gegn sulti. Hugmyndir um hvað séu viðunandi aðstæður fyrir börn hafa vissulega breyst í tímans rás en einhverskonar vernd fyrir þau hefur þó ávallt þótt verðugt verkefni hins opinbera.

Lög um eftirlit með unglíngum virðast ríma vel við hugmyndir áratugarins á undan um barnavernd. Barnaverndarnefndum og skólanefndum er falið eftirlitshlutverk með ungmennum, aldurinn er hækkaður upp í 18 ár og helstu úrræði eiga að vera hefðbundin afskipti barnaverndarnefndar nema í óvenjulega erfiðum málum. Ungmennadómstóll er skapaður með lagasetningunni og leyfi er gefið fyrir því að uppeldisstofnanir eða hæli séu stofnuð til þess að hægt sé að framfylgja lögnum ef til erfiðra mála kemur.

Stofnun ungmennadómstóls var nýlunda á Íslandi en slíkum dómstólum hafði verið komið á laggirnar í Bandaríkjunum upp úr aldamótunum 1900 í tengslum við þróun þeirrar kenningar að unglingsárin væru sérstakt þroskastig. Þessari þróun fylgdu einnig hugmyndir um að unglingsstúlkan væri viðkvæmari fyrir slæmum áhrifum heldur en drengirnir. Einnig voru flestir dómstólarnir staðsettir í iðnaðarborgum norðurríkjanna. Unglingar sem komu fyrir slíka dómstóla í Bandaríkjunum voru færðir þangað af lögreglu eftir handtöku, eða af foreldrum eða nákomnum ættingjum.⁸⁵

Ungmennaeftirlitið er hvergi nefnt í lögnum og er því óljóst hvaðan það hefur sín völd. Það virðist sem skipan Jóhönnu Knudsen sem lögregluþjóns sé upphafið að því. Þá sögu er því miður ekki rými hér til að rekja en hún er mikilvægt rannsóknarefni engu að síður, sérstaklega sú staðreynd að eftirlitið varð aðallega í höndum þess en ekki

⁸⁴ *Alþingistíðindi* 1942 B-C, 106–107, og Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 123.

⁸⁵ Abrams og Curran, „Wayward Girls and Virtuous Women“, bls. 50–52.

barnaverndarnefnda eins og lögin gera ráð fyrir. Þessi samanburður á lögum um eftirlit með ungmennum og ágripi af sögu barnaverndarhefðarinnar á Íslandi gefur til kynna að mínu mati að lagasetningin sé skilgetið afkvæmi barnaverndarhefðar héraðs og með hliðsjón af þeim heimildum sem liggja fyrir er erfitt að halda því fram að lögin hafi verið sett í þeim tilgangi að refsar ungu fólki bókstaflega fyrir siðferðisbrot, heldur er mun fremur verið að gæta hagsmuna þeirra þó svo að orðalag og annað hljómi harðneskjulega í eyrum nútímamanna.

Niðurstöður

Rannsóknin hefur líklega vakið fleiri spurningar heldur en hún hefur svarað. Það liggur í augum uppi að ástandið var mjög flókið fyrirbæri. Orðræðan litaðist af samtvinnun þjóðernishugmynda, hugmynda um mannkynbætur og kynlíf, og hvað teldust mann-sæmandi aðstæður fyrir börn og unglunga. Síðast en ekki síst litast umræðan af þeim mörgu mismunandi viðhorfum sem í gangi voru hvað konur og hlutverk þeirra í samfélaginu varðar. Ljóst er að þær hugmyndir sem voru uppi á ástandsárunum voru greinilega ekki nýjar. Orðræðan nýtir hugmyndir sem voru uppi bæði hérlendis en ekki síst erlendis allt frá upphafi 20. aldar. Segja má að hæg þéttbýlismyndun á Íslandi hafi leitt til þess að „hefðbundnar“ eða „eðlilegar“ hugmyndir sem fylgdu borgarmyndun – svo sem áhyggjur af siðspillingu, vændi, drykkjuskap og sjálfstæðum áhugamálum ungra kvenna – hafi brotist fram í dagsljósið þegar stærsti bær landsins stækkaði óðfluga á sama tíma og bærinn fylltist af erlendum hermönnum. Margar þeirra hugmynda sem komu fram í ástandssumræðunni lituðust af þjóðerniskennd en einnig má benda á hina læknisfræðilegu orðræðu sem viðgekkst. Sem dæmi um það má nefna tilhneigingu Vilmundar landlæknis og Jóhönnu Knudsen til að tala um ástandið sem hættulegan smitsjúkdóm. Þjóðernis-orðræðan og læknisfræðiorðræðan má segja að séu báðar tengdar mannkynbóta-hugmyndum sem höfðu verið ríkjandi á millistríðsárunum. Umræða um siðspillingu og smitsjúkdóma bæði í bókstaflegri og líkingar merkingu var til staðar fyrir hernám en sú staðreynd að hermennirnir voru erlendir ríkisborgarar gerðu hana líklega hatrammari en ella.

Ástandið var ekki bundið við Ísland heldur urðu sambærileg „ástönd“ í Bretlandi og Ástralíu. Í Bretlandi snerist umræðan að miklu leyti um litaða bandaríska hermenn en í Ástralíu virðist umfjöllunin hafa tengst mismunandi kaupi og kjörum bandarískra og ástralskra hermanna. Þó „ástöndin“ hafi verið ólík má segja að þau hafi öll byggt á því að stjórna kynverund ungra kvenna, hver svo sem rökin voru fyrir því að gera slíkt eða hvaða aðferðum var beitt.

Niðurstaða samanagerðar á barnaverndarlögum og lögum um eftirlit með ungmennum gefur til kynna að þau síðarnefndu hafi átt að vera útvíkkun á þeim fyrrnefndu. Lagalegar heimildir bæði um eftirlit og afskipti af ungmennum virðast fyrst og fremst hafa átt að auka svigrúm barnaverndarnefndar til að grípa inn í ef eitthvað virtist vera að. Ungmennadómstóllinn fylgir í kjölfar þróunar sem átt hafði sér stað erlendis og þótti mikil lagabót fyrir vandræðaunglinga. Hælisvistun er einnig í samræmi við hugmyndir um hvað menn töldu börnum og unglungum fyrir bestu. Ungmennaeftirlitið þiggur völd sín ekki úr

Þessum lögum og er eftirlitsskyldan að mestu hjá barnaverndarnefnd að því er virðist. Þessi staðreynd vekur áleitnar spurningar um framkvæmd laganna um eftirlit með ungmennum og samskipti ungmennaeftirlits og barnaverndarnefnda. Við lagasetninguna virðist hafa verið ákveðin meðvitund um að hægt væri að nota lögin gegn stúlkum vegna stéttarstöðu þeirra og vísbendingar eru um að svo hafi verið gert. Spurningar líkt og þessar: Hvernig varð framkvæmd þessara laga jafn kynjuð og harðneskjuleg og raun ber vitni? og, voru kynferðisleg samskipti ólögráða stúlkubarna og hermanna jafn algeng og tölur Jóhönnu og ástandsnefndarinnar gefa til kynna? gera enn brýnna að skoða hvers vegna lög um eftirlit með ungmennum fjarlægjast svo mjög barnaverndarkjarna sinn í framkvæmdinni.

Einnig er í ljósi mismunandi skrifa blaðanna um ástandið nauðsynlegt að skoða pólitískar ástæður viðbragða við ástandinu betur, meðal annars í því skyni að geta greint betur hvort mildari orðræða gagnvart konum í *Nýju dagblaði* og *Alþýðublaðinu* geti talist feminísk eða hvort hún sé aðeins flokkspólitísk. Lög virðast sett með það í huga að reyna að koma í veg fyrir slíka beitingu. Mér virðist sem rannsókn á framkvæmdinni í ljósi þeirra hugmynda sem koma fyrir í þessari ritgerð sé nauðsynleg.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir.

Abrams, Laura S., og Curran, Laura, „Wayward Girls and Virtuous Women: Social Workers and Female Juvenile Delinquency in the Progressive Era“, *AFFILIA*, 15:1, 2000, bls. 49–64.

Alþingistíðindi 1932

Alþingistíðindi 1934

Alþingistíðindi 1940

Alþingistíðindi 1940

Alþingistíðindi 1942

ÁJ, „Hver ber sökina?“, *Þjóðviljinn*, 20. júlí 1940, bls 2–3.

Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð: Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, 2. *Íslenska sögubíningið 30. maí–1. júní 2002. Ráðstefnurit* I. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir. Reykjavík: Sagnfræðistofnun / Sagnfræðingafélag Íslands / Sögufélag, 2002, bls. 64–74.

Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“. Ríkisafskipti af samböndum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“, *Kvennaslóðir*. Rit til heiður Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi. Ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl. (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001), 301–317.

Dyhouse, Carol. *Girl trouble – Panic and progress in the history of young women* (Winnipeg: Fernwood Publishing, 2014).

Dose, Ralf, „The World League of Sexual Reform. Some Possible Approaches“, *Journal of the History of Sexuality* 12:1 (2003), bls. 1–15.

Eggert Þór Bernharðsson „Ó, vesalings tískunnar þrælar.“ Um „Reykjavíkurstúlkuna“ og hlutverk hennar.“ *Sagnir* 11 (1990), bls. 16–27.

„Framhald af skýrslu velferðarnefndar portkvenna: Einstök dæmi dregin fram í dagsljósið“, *Vísir*, 28. ágúst 1941.

Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II – Þríbýlisárin*. Útg. Helgi Hauksson (Reykjavík: Bókaútgáfan Virkið, 1984).

Hendrick, Harry D., *Child Welfare – England 1872–1989* (London: Routledge, 1994).

Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum – Íslenskar konur og erlendum her* (Reykjavík: Mál og menning 2001).

Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda – Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*, ritstj. Már Jónsson (Reykjavík: Sögufélag 2006).

Hrafn Jökulsson og Bjarni Guðmarsson, *Ástandið – mannlíf á hernámsárunum* (Reykjavík: Tákni, 1989).

„Hvaða rétt höfum við konur?“, bls. 2 og 4, *Nýtt dagblað*, 7. september 1941.

JP, „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, *Nýtt kvennablað*, 19. júní 1940, bls. 5–6.

Jónas Jónsson, „A public gentleman“, *Tíminn*, 13. ágúst 1940, bls. 315.

Kennedy, Angie C., „Eugenics, „Degenerate Girls”, and Social Workers During the Progressive Era“, *Journal of Women and Social Work*, 23:1, 2008, bls. 22–37.

Lagasafn 1945

Lake, Marilyn, „The Desire for a Yank: Sexual Relations Between Australian Women and American Servicemen During World War II”. *Journal of the History of Sexuality* 2.4 (1992), bls. 621–633.

Levine, Philippa, „Walking the street like no decent woman should: Women Police in world war I”, *The Journal of Modern History*, 1. mars 1994, vol. 66(1), bls. 34–78

Njörður Sigurðsson, „Örbirgð og upplausn fjölskyldna – rannsókn á fósturbörnum í Reykjavík 1901–1940“, *Saga* XLII:2 (2004), bls. 63–93.

Rose, Sonya O., *Which People's War? – National Identity and Citizenship in Wartime Britain 1939–1945* (Oxford: Oxford University Press, 2003).

O'Brien, Ilma Martinuzzi, „Citizenship, Rights and Emergency Powers in Second World War Australia“, *Australian Journal of Politics & History*, 2007, 53:2, bls. 207–222.

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur – Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).

Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil – Saga kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands 1993).

Símon Jóhannes Ágústsson, „Barnavernd“, *Félagsmál á Íslandi* (Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið 1942), bls. 183–198.

„Stórkostlegt alvöru mál“, *Morgunblaðið*, 30. mars 1930, bls. 8.

Stjórnartíðindi 1932

Stjórnartíðindi 1942

Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld* (Reykjavík 1998).

Vilmundur Jónsson. *Afkynjanir og vananir. Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt* (Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg 1937).

Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin – stríðið um konurnar 1940–1941“, *Saga* LI:2 (2013), bls. 92-142.

Óprentaðar heimildir

Kvinnasögusafn, KSS6 – Kvenréttindafélag Íslands, einkaskjalasafn, fundargerðabók KRFÍ 1915. Askja 296.

Kvinnasögusafn Íslands, KSS12, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, einkaskjalasafn, Fundargerð kvinnafundar. Askja 468

Kvinnasögusafn Íslands, KSS12, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, einkaskjalasafn, Skýrsla um starfsemi nefndarinnar. Askja 468

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Finnur Jónsson, „Umkomuleysi öreiganna“ – Mótun, framkvæmd og viðhorf til íslenskrar fátækralöggjafar 1907–1935. MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Aðrar heimildir

Alma Ómarsdóttir, „Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum“, heimildamynd 2015.

Vef. althingi.is, <http://www.althingi.is/altext/50/s/pdf/0238.pdf>, sótt 4. maí 2016.

Vef. Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar varir og neglur, en að öðru leyti ekkert athugaverð í útliti“, <http://www.sagnfraedingafelag.net/2015/09/08/17.12.17/>, sótt 4. maí 2016.